# FRÉTTABLAÐIÐ

79. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 5. APRÍL 2018




„Ég get ekki verið að naga mig í handarbökin í ruggustólnum," segir Jóhann Helgason, sem kynnti í gær framhald á málarekstri til að fá viðurkenndan höfundarrétt sinn á laginu You Raise Me Up. Útgáfurisinn Universal Music býst til varnar. „Þetta er múrveggur sem er þykkur, hár og stór," segir Hilmar Foss, sem er Jóhanni til aðstoðar. Sjá síðu 4 FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Áætlun eða draumsýn?

**Varaformaður Viðreisnar gagnrýnir þær forsendur sem búa að baki fjármálaáætlun stjórnarinnar. Ráðherra segir horfur benda til áframhaldandi hagvaxtar.**

**ALÞINGI** Fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar til ársins 2023 var kynnt í gær. Á tímabilinu verður 338 milljörðum króna varið til fjárfestinga, þar af mestu til sjúkrahúsþjónustu eða 75 milljörðum króna. Fjármálaráðherra segir það skipta miklu máli að greiða niður skuldir ríkissjóðs um leið og að verja þann árangur sem náðst hefur síðustu árin.

„Við fylgjum þeirri vinnureglu að reyna ekki að kokka upp okkar eigin hagvaxtarspár. Með þær hagvaxtarspár sem okkur berast áætlum við tekju- og gjaldaþróun inn í framtíðina. Það er vissulega rétt að við erum að sjá samfellt hagvaxtarskeið en flestir spáaðilar eru sammála um að það horfi ekki til annars en að áfram verði hagvöxtur," segir Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra.

„Stutta útgáfan er í raun sú að þessi áætlun er algjörlega óraunhæf og óábyrg. Fjármáladraumsýn er í raun réttnefni á hana," segir Þorsteinn Víglundsson, þingmaður Viðreisnar, um fjármálaáætlunina. „Áætlunin byggir á forsendum um hagvöxt sem eru í besta falli mjög bjartsýnar. Ef þær ganga eftir þá er um að ræða einstakan atburð í íslenskri hagsögu. Ríkisstjórnin er að tefla á tæpasta vað."

– sa, jóe, gþs / sjá síður 6 og 8

### Samsetning tekna ríkisins 2018

| Tekjuliður | Hlutfall |
|---|---|
| Virðisaukaskattur | 32% |
| Tekjuskattur einstaklinga | 29% |
| Tryggingagjöld | 13% |
| Skattar á fyrirtæki | 13% |
| Bifreiðar og eldsneyti | 6% |
| Aðrir skattar | 5% |
| Áfengi og tóbaki | 3% |

## Fleiri tekjuháir nota Airbnb

**VIÐSKIPTI** Tekjuhærri ferðamönnum sem gista í Airbnb-íbúðum hér á landi hefur fjölgað hlutfallslega meira á undanförnum árum en tekjulægri ferðamönnum sem nýta sér gistiþjónustuna, samkvæmt greiningu Kára S. Friðrikssonar, hagfræðings ráðgjafarfyrirtækisins Intellecon.

Fimm prósent ferðamanna, sem sögðust í könnun Ferðamálastofu hafa háar tekjur, gistu í húsnæði í einkaeigu, þar á meðal Airbnb-íbúðum, veturinn 2013 til 2014 en hlutfallið var komið í 38 prósent sumarið 2016. Á sama tíma fór hlutfall tekjulágra ferðamanna, sem gistu í húsnæði í einkaeigu, úr 20 prósentum veturinn 2013 til 2014 í 27 prósent sumarið 2016.

„Þetta hefur verið mjög hraður viðsnúningur," segir Kári. – kij / sjá síðu 14

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Lilja Alfreðsdóttir skrifar um menntakerfið. 16

**SPORT** Þolinmæði er lykilorðið okkar segir Guðmundur Guðmundsson sem stýrir íslenska landsliðinu á ný. 22

**MENNING** Ný ritröð úr smiðju Þórarins Eldjárns. 32

**LÍFIÐ** Íslensk setning í danska Eurovision-laginu. Flosi, formaður FÁSES, segir að þetta sé að öllum líkindum í fyrsta skipti sem íslenska heyrist í Eurovision í lagi frá annarri þjóð. 42




**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


HNÍFAPARATÖSKUR

12 MANNA
ÁSAMT FYLGIHLUTUM
MIKIÐ ÚRVAL
VERÐ FRÁ KR. 24.990



Tékk KRISTALL
LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

SMÁRALIND



KAUPHLAUP
NÁÐU ÞÍNUM BESTA TÍMA
4.–8. APRÍL

OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

## Veður




Norðanátt, allhvöss við austurströndina og á Suðausturlandi fram eftir degi, en fer síðan að lægja. Mun hægari vindur annars staðar. Skýjað og él norðaustan- og austanlands, annars víða léttskýjað. SJÁ SÍÐU 28

# Þingmönnum boðið að rækta núvitundina

**VELFERÐARMÁL** Tvö verkefni Núvitundarsetursins voru meðal þeirra 169 sem fengu úthlutaða styrki úr Lýðheilsusjóði. Annað verkefnið er rannsóknarverkefni sem snýr að innleiðingu núvitundar í grunnskóla en hitt varðar núvitund á Alþingi.

„Innleiðingin hófst í þrjá skóla, samkvæmt bresku módeli, nú í upphafi árs. Styrkurinn er hugsaður til að vinna tveggja ára rannsókn á því hvaða áhrif núvitundin hafði á kennara og nemendur,“ segir Anna Dóra Frostadóttir, sálfræðingur hjá Núvitundarsetrinu. Verkefnið er unnið í samræmi við lýðheilsustefnu og í samstarfi við Landlæknisembættið.

> **Í kjölfarið upplifðu þeir mikil jákvæð áhrif. Aukna vellíðan og betri athygli.**
>
> Anna Dóra Frostadóttir sálfræðingur

Innleiðing núvitundar á Alþingi byggir einnig á bresku módeli en þingmönnum á Bretlandi bauðst fyrir fimm árum námskeið í núvitund. „Í kjölfar þess upplifðu þeir mikil jákvæð áhrif. Aukna vellíðan, betri athygli, minni streitu og skýrari hugsun,“ segir Anna Dóra. Svo ánægðir voru bresku þingmennirnir með núvitundina að stofnuð var nefnd innan þingsins um verkefnið. Stóð hún meðal annars fyrir ráðstefnu um efnið fyrir þingmenn annarra landa. Tveir íslenskir þingmenn sóttu ráðstefnuna ásamt Önnu.

„Breski þingmaðurinn Chris Ruane bauðst til þess að koma hingað til lands og kynna núvitund fyrir þingmönnum. Einnig mun þeim standa til boða sambærilegt námskeið í haust og er styrkurinn veittur til þess,“ segir Anna. **– jóe**

# Hundur er hunds gaman



Þessi hundur hafði meiri áhuga á að stilla sér upp en að taka þátt í hundagöngu Ferðafélags Íslands sem farin var í gær. Gengið er alla miðvikudaga í apríl og varð Grafarholtið fyrir valinu í gær. Áhugasamir geta kynnt sér hundagöngur félagsins á heimasíðu þess, fi.is FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Kennslanefnd verst frétta

**LÖGREGLUMÁL** Kennslanefnd bíður enn eftir niðurstöðum lífsýnararannsóknar í Svíþjóð til að mögulegt verði bera kennsl á þær líkamsleifar sem fundust á hafsbotni um fimmtán til tuttugu sjómílur suður af Malarrifi í síðasta mánuði.

Gylfi Hammer Gylfason, formaður kennslanefndar, vill ekki tjá sig um ástæður þess að þrjú sýni voru send; fyrst eitt og tvö viku síðar.

„Það hagaði þannig til að við þurftum að senda þrjú sýni og getum ekki sagt neitt fyrr en niðurstaðan er komin.“ Aðspurður um hvort eingöngu hafi verið send sýni úr þeim líkamsleifum sem fundust en ekki önnur lífsýni segist Gylfi ekki getað tjáð sig um það, beðið sé eftir niðurstöðum og þegar þær liggi fyrir verði fyrst að sjá hvort hægt verður að bera kennsl á líkamsleifarnar. **– aá**




# Ætla að fá myndavélar til að fæla eggjaþjófa frá

**Baráttumenn fyrir verndun íslenska fálkastofnsins safna fyrir myndavélum til að vakta hreiður fálkanna. Bóndi í Aðaldal hefur þegar sett upp myndavél við eitt hreiður sem varð til þess að fálkapar kom upp ungum eftir margra ára bið.**

**NÁTTÚRA** Fálkasetur Íslands safnar fé til að geta sett upp eftirlitsmyndavélar fyrir fálkahreiður. Leitað hefur verið til umhverfisráðuneytisins um styrk fyrir verkefninu. „Við erum ekki búin að sækja um styrki annars staðar, svo sem til einstaklinga eða fyrirtækja eða annað,“ segir Aðalsteinn Örn Snæþórsson, formaður stjórnar Fálkaseturs.

Ekkert svar hefur fengist frá umhverfisráðuneytinu, en samkvæmt reglugerð um friðun fálkans mun ráðuneytið jafnframt þurfa að veita samþykki fyrir uppsetningu á slíkum vélum.

Ólafur K. Nielsen, fuglafræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands, sagði í Fréttablaðinu í gær að sterkar vísbendingar væru um að eggjaþjófar væru enn að spilla fyrir varpi fálka. Vitað sé að tilteknir Íslendingar sæki í þekkt fálkaóðöl á varptíma og tíndu sín skilin eftir hænuegg í hreiðrunum.

„Við getum náttúrlega aldrei vaktað öll hreiður, en við erum að vonast til þess að þetta fæli frá ef einhver eru vöktuð. Við erum ekki að hugsa um venjulegar eftirlitsmyndavélar heldur erum við að ræða um myndavélar með hreyfiskynjurum sem smella af ef eitthvað rýfur geislann,“ segir Aðalsteinn. Vélin myndi síðan senda mynd í GSM síma og þannig væri hægt að fylgjast með mannaferðum. Vélarnar sem horft er til eru sömu gerðar og notaðar eru við refaveiðar og ganga fyrir rafhlöðum. Aðalsteinn segir að vélarnar sem horft er til kosti um 70 þúsund krónur hver.

Vitað er um bónda í Aðaldal sem hefur komið upp myndavél á jörð sinni þar sem eitt fálkaóðalið er. Ólafur K. Nielsen segir að bóndinn hafi verið orðinn þreyttur á rápi manna á landareign sinni sem sóttu í fálkaegg. „Hann og nágranni hans lýstu því yfir í heyranda hljóð að þeir myndu setja upp öryggismyndavélar. Þeir gerðu það og þá komust upp ungar þarna í fyrsta skipti í tíu eða fimmtán ár. Þetta var 2015 og síðan komust upp ungar aftur 2016 á sama óðali,“ segir Ólafur. Hann segir að sú myndavél hafi ekki verið sett upp við hreiðrið sjálft heldur við gönguleið að hreiðrinu.

jonhakon@frettabladid.is



Fálki á flugi. Leitað hefur verið til umhverfisráðuneytisins um styrk fyrir kaupum á myndavélum til að vakta fálkahreiður. NORDICPHOTOS/GETTY

### Hvað er Fálkasetur Íslands

Fálkasetur Íslands í Ásbyrgi var stofnað þann 1. mars 2011. Á vef Fálkasetursins segir að félagsskapurinn byggi á fjórum meginþáttum.

- Nýta einstakar aðstæður í Ásbyrgi og Jökulsárgljúfrum til að fræða almenning um íslenska fálkann, lifnaðarhætti hans og tengsl við aðrar tegundir og þá sérstaklega rjúpuna
- Auka framboð á náttúrutengdri afþreyingu og koma til móts við vaxandi áhuga ferðamanna á fuglaskoðun
- Halda nafni Theodórs Gunnlaugssonar á lofti og framlagi hans til aukinnar þekkingar almennings á náttúru Íslands
- Stuðla að verndun íslenska fálkastofnsins með aukinni fræðslu

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# HELGAR SPRENGJA






JOTUN

Aðeins fim-sun

**25% afsláttur** af allri LADY málningu



OUTBACK

SÚPER TILBOÐ

**Gasgrill**
Sunset Solo 3, 3ja brennara.
Grillflötur: 62,8x40,6 cm.
3000393

**25.990 kr**
~~36.990~~ kr



OUTBACK

SÚPER TILBOÐ

**17.990 kr**
~~20.990~~ kr

**Gasgrill**
2ja brennara með hliðaborði.
Grillflötur: 50x36 cm.
3000225



SÚPER TILBOÐ Broil King

**26.175 kr**
~~34.900~~ kr

**Gasgrill Porta Chef 320**
5,25kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli,
grillgrindur úr steypujárni, þrír brennarar.
3000316



weber

FRÁBÆRT VERÐ

**47.975 kr**

**Gasgrill Q2200**
Gasgrill á fótum, Grillflötur: 39x54 cm,
ryðfrír brennari.
3000378

## Allar pottaplöntur 30% afsláttur





**Vorerika**
10327408

**599 kr**

## Hjólin eru komin
fyrir alla fjölskylduna



AUTHOR

**26.900 kr**

**Reiðhjól**
16" Author Bello, hvítt og rautt. Hentar börnum sem eru 100-125 cm á hæð. Author Bello, Tektro bremsur Coasterhub 16" x 1,75 dekk. Grind úr álblöndu 6061.
3901370



AUTHOR

**39.900 kr**

**Author Trophy 26"**
Stell úr álblöndu, 3,3 kg.
Skipting: Shimanoty 21, 18 gírar,
Tektro V bremsur. Dekk: Author
Speed master 26"x2,0". Þyngd: 14,3 kg/19".
3901410-1

# Bjórsíða Coca-Cola á Íslandi aðgengileg unglingum á Facebook

**SAMFÉLAG** Þar til í gær var Facebooksíða íslenska bjórframleiðandans Víking brugghúss aðgengileg unglingum undir áfengiskaupaaldri. Brugghúsið er í eigu Coca-Cola European Partners Ísland (CCEP), en þar hafði láðst að læsa síðunni fyrir tilteknum aldurshópi sem gerði það að verkum að efni og auglýsingar voru öllum aðgengilegar. Síðunni, sem er með rúmlega 14.300 fylgjendur, var læst eftir fyrirspurn Fréttablaðsins í gær.

Helsti keppinautur CCEP, Ölgerðin, er með fjölmargar undirsíður á Facebook fyrir þær bjórtegundir sem þar eru framleiddar en þær eru allar læstar einstaklingum undir áfengiskaupaaldri á Íslandi.

Fréttablaðið sannreyndi þetta með því að útbúa Facebook-aðgang fyrir 17 ára ungling til að skoða síður íslenskra áfengisframleiðenda.

Takmarkanir reyndust í lagi hjá Ölgerðinni en síða Víking brugghúss var opin og sýnileg hinum 17 ára unglingspilti sem Fréttablaðið bjó til. Gat hann séð allt efni, auglýsingar, myndir og myndbönd þar og jafnvel Facebook-leiki þar sem hægt var að vinna bjórkassa í verðlaun.

„Við stóðum í þeirri trú að Facebook-síðan væri lokuð fólki 20 ára og yngra,“ segir Einar Snorri Magnússon, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs CCEP.

Bætt hafi verið úr þessu eftir fyrirspurn blaðsins og fullyrðir hann að öll dreifing áfengisauglýsinga þeirra á Facebook sé stillt þannig að þær birtist ekki 20 ára og yngri. „En vegna þessara mistaka þá hafa þessar auglýsingar mögulega birst aðilum sem gerðu sér sérstaka ferð inn á Víking brugghús Facebook-síðuna,“ segir Einar Snorri.

„Við erum einnig með síður fyrir Thule og Víking Lager og þær eru báðar lokaðar fyrir yngri en 20 ára.“ **– smj**

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**MEST LESIÐ**



**1** Vara við misnotkun unglinga á gashylkjum

**2** Ný ensk útgáfa af Söknuði komin í loftið

**3** Tolli gefur málverk í staðinn fyrir stolna eftirprentun

**4** Hótaði lögreglukonum kynferðislegu ofbeldi

**5** Fróaði sér yfir klámi í anddyri Hótel Sögu

# Samdi heimsfrægt lag en skrifar ósjaldan gúmmítékka fyrir mat

Jóhann Helgason freistar þess á ný að fá viðurkenndan höfundarrétt á laginu heimsfræga You Raise Me Up.



**Jóhann Helgason í Hljóðrita í Hafnarfirði í gær þar sem Söknuður var tekinn upp á plötu árið 1977.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**TÓNLIST** „Ég get ekki verið að naga mig í handarbökin í ruggustólnum,“ segir Jóhann Helgason sem kynnti á blaðamannafundi í gær framhald málareksturs til að fá viðurkenndan höfundarrétt á laginu You Raise Me Up.

Söngvarinn Josh Groban gerði You Raise Me Up heimsfrægt og er lagið eignað Norðmanninum Rolf Løvland sem samdi norska Eurovision-sigurlagið La det svinge.

Jóhann lýsti hvernig hann fékk fyrst pata af útgáfu Grobans á árinu 2004 og hóf málshöfðun í Bretlandi. Botninn hafi dottið út henni. Aftur hafi verið farið af stað en málið stöðvast vegna skorts á fjármögnun á árinu 2011.

„Við vonumst til að þetta gefi fjármögnuninni byr undir vængi,“ sagði Jóhann um nýja útgáfu af Söknuði sem hann kynnti í gær. Þar syngur Edgar Smári Atlason Söknuð með enskum texta undir heitinu Into the Light. Útgáfunni er ætlað að undirstrika afgerandi líkindi You Raise Me Up og Saknaðar. Í fræðilegri greiningu fyrir STEF á árinu 2004 eru lögin sögð sláandi lík.

Jon Kjell Seljeseth, sem útsetti nýju útgáfuna, sagði á fundinum að Rolf Løvland hefði í heimsókn hérlendis nær örugglega fengið gefna kassettu með Söknuði á. Auk þess hafi hann haft ýmis tækifæri til að komast í snertingu við lagið.

Sigtryggur Baldursson, formaður ÚTÓN, útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar, sagði málið snúast um peninga. „Þetta er spurning hvor hefur efni á stærri lögfræðingi,“ sagði Sigtryggur. Hilmar Foss, sem aðstoðað hefur Jóhann, tók í svipaðan streng. „Þetta er múrveggur sem er þykkur, hár og stór.“

> Hvort sem stolið er sjónvarpi, bíl eða lagi þá er það ekkert í lagi. Rétt skal vera rétt.
>
> Jóhann Helgason tónlistarmaður

Þótt hindranirnar virðist óyfirstíganlegar kveðst Jóhann verða að halda áfram. Lögmannsstofa hafi þegar sent kröfubréf til Universal sem vísi öllu á bug.

Jóhann bendir á að málið hefði farið á annan veg ef Söknuður hefði verið skráð hjá Warner Chapell þar sem hann var á samningi er lagið var samið árið 1977. „Þeir hefðu náttúrlega afgreitt þetta mál strax í byrjun,“ segir hann við Fréttablaðið.

Þess í stað stendur Jóhann nú einn í baráttu við útgáfurisann Universal Music sem mun hafa sjö þúsund starfsmenn í vinnu og velta jafnvirði 700 milljarða króna á ári. „Þeir vilja ekki semja og Universal treystir á að ég fái enga fjármögnun,“ segir Jóhann sem kveður enda tvísýnt um það. Tryggja þurfi á annað hundrað milljónir króna fyrirfram. „En við teljum að þetta muni opna augu margra. Þetta er áhættufjárfesting en það getur verið mikill hagnaður.“

Sjálfur kveðst Jóhann aldrei hafa rætt við Løvland um málið. Norska blaðið Verdens Gang hafi í umfjöllum um Løvland sagt hann lifa hátt á þessu eina lagi. „Það eru ótal aðilar búnir að raka inn fé á þessu lagi. En ég er í fjölbýlishúsi úti á Nesi og er búinn að skrifa ótal gúmmítékka fyrir mat,“ segir tónskáldið hreint út.

Jóhann bætir við að 99 prósent af íslenskri tónlist séu lítt varin fyrir stuldi erlendra stórfyrirtækja. „En hvort sem stolið er sjónvarpi, bíl eða lagi þá er það ekkert í lagi. Rétt skal vera rétt.“ **gar@frettabladid.is**





ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Jeep - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433
www.jeep.is - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

NÝR FJÓRHJÓLADRIFINN E-PACE

# FRUMSÝNDUR Í DAG Í NÝJUM SÝNINGARSAL AÐ HESTHÁLSI

JAGUAR




Nýr Jaguar E-Pace er glæsilegur sportjeppi í millistærð og sá fyrsti sinnar gerðar frá Jaguar. E-Pace sameinar alla skemmtilegustu eiginleika Jaguar í þægilegum bíl sem auðvelt er að stjórna og hagkvæmt að eiga.
Komdu og láttu drauminn um að skoða og reynsluaka Jaguar verða að veruleika.

**jaguarisland.is**

## THE ART OF PERFORMANCE

Jaguar E-Pace, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur. **Verð frá: 5.990.000 kr.**

**JAGUAR**
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16**

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

# Fjármálaáætlun háð miklum óvissuþáttum

**Lítið má út af bregða til að hið opinbera standist ekki lög um opinber fjármál. Afgangur ríkissjóðs næstu fimm ár er í lágmarki. Fjármálaráðherra telur mestu ógnina felast í að ekki náist sátt á vinnumarkaði.**

Fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar til ársins 2023 var kynnt í gær. Á tímabilinu verður 338 milljörðum króna varið til fjárfestinga, þar af mestu til sjúkrahúsþjónustu eða 75 milljörðum króna.

Fjármálaráðherra segir það skipta miklu máli að greiða niður skuldir ríkissjóðs um leið og að verja þann árangur sem náðst hefur síðustu árin.

Í kynningu Bjarna Benediktssonar kom fram að hann teldi mikilvægt að sátt náist á vinnumarkaði og taldi líklegt að sú sátt næðist. Samtalið væri hins vegar lifandi. Það myndi hafa mikil áhrif á fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar og mikilvægt væri að verja þann árangur sem náðst hefur í ríkisfjármálum; hraða niðurgreiðslu skulda hins opinbera og bæta stöðu þjóðarbúsins.

Gert er ráð fyrir að afgangur af rekstri ríkissjóðs verði rétt ofan við eitt prósent af vergri landsframleiðslu svo lítið má út af bregða til að hið opinbera standist ekki lög um opinber fjármál sem kveða á um að afgangur af rekstrinum verði að vera að minnsta kosti eitt prósent.

Viðskiptaráð hefur sagt að efnahagsspá hins opinbera sé afar bjartsýn og geri ráð fyrir fordæmalausu hagvaxtarskeiði. Bjarni segir flesta spámenn sammála um það. „Við fylgjum þeirri vinnureglu að reyna ekki að kokka upp okkar eigin hagvaxtarspár. Með þær hagvaxtarspár sem okkur berast áætlum við tekju- og gjaldaþróun inn í framtíðina. Það er vissulega rétt að við erum að sjá samfellt hagvaxtarskeið en flestir spáaðilar eru sammála um að það horfi ekki til annars en að áfram verði hagvöxtur,“ segir Bjarni.

## Hvað þýðir ný fjármálaáætlun 2018 til 2022

**75** ma.kr. er gert ráð fyrir í fjárfestingu í sjúkrahússþjónustu en stærstur hluti þeirra fjárhæðar rennur til byggingar nýs þjóðarsjúkrahúss við Hringbraut.

**Gjaldtaka af ferðamönnum** verður hafin í upphafi árs 2020 sem á að afla ríkissjóði um **2,5 milljarða** króna á ári.



**338** milljörðum króna verður varið úr ríkissjóði á tímabilinu til fjárfestinga.

**Virðisaukaskattur á bækur** verður **afnuminn** í byrjun árs 2019.



**23,7** prósent lækkun framlaga til ferðaþjónustunnar frá fjárlagafrumvarpi ársins 2018.

Alls er reiknað með að **framlög til fjárfestinga** til uppbyggingar samgönguinnviða nemi **124 ma.kr.** á áætlunartímabilinu.

**Atvinnuleysi** eykst á spátímabilinu um **33 prósent** og verður 4 prósent í lok spátímans.

Í áætluninni er gert ráð fyrir lækkun tryggingagjalds um **0,25%** á árinu 2019, úr **6,85%** í **6,6%.**

**180** milljarða hagnaður ríkisins á spátímanum. Eignir hins opinbera aukast á tímabilinu um nærri fimm hundruð milljarða.

Alls er gert ráð fyrir að **fjárheimildir til fjárfestinga** í útgjaldarömmum málefnasviða á tímabilinu 2019-2023 nemi um **338 ma.kr.**



Kaupa á **nýjar þyrlur** fyrir **Landhelgisgæslunа** á spátímabilinu.

**338 milljörðum króna verður varið til fjárfestinga, þar af mestu til sjúkrahúsþjónustu.**

Útgjaldaaukning hins opinbera í fjármálaáætluninni er mjög mikil og ráðist verður í margvíslegar framkvæmdir á tímabilinu. Til að mynda á að verja 124 milljörðum á spátímanum í uppbyggingu innviða, ljósleiðaravæða landið og kaupa nýjar þyrlur fyrir Landhelgisgæsluna svo eitthvað sé nefnt .

Að sama skapi eru tekjustofnar hins opinbera veiktir. Til að mynda á að lækka tekjuskattsprósentuna um eitt prósent, lækka á tryggingagjald og gera breytingar á virðisaukaskattskerfinu.

Alls er skorið niður til fjórtán málaflokka á spátímabilinu borið saman við fjárlagafrumvarp ársins 2018. Lækkunin er mest til ferðaþjónustunnar eða um hartnær fjórðung. Einnig er skorið niður til húsnæðismála, orkumála, menningar, lista og íþrótta- og æskulýðsmála svo eitthvað sé nefnt. Einnig lækka fjárframlög til landbúnaðar um fjögur prósent á tímabilinu.

Spáð er áframhaldandi fjölgun ferðamanna hingað til lands. Í því felst nokkur óvissa því ekki er hægt að meta nákvæmlega hvaða áhrif það hafi á gengi íslensku krónunnar. „Við horfum á að bróðurpartur styrkingar krónunnar verður rakinn til uppgangs í ferðaþjónustu. Samkvæmt spám mun ferðamönnum halda áfram að fjölga hér á landi,“ segir Bjarni. „Því er mikilvægt að hafa það í huga hvaða smitáhrif það kunni að hafa á aðrar útflutningsgreinar.“

sveinna@frettabladid.is





**Rannís auglýsir eftir styrkumsóknum úr Tónlistarsjóði til verkefna sem efnt verður til á tímabilinu 1. júní til 31. desember 2018.**

Hlutverk Tónlistarsjóðs er að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, tónlistardeild og markaðs- og kynningardeild.

Upplýsingar og umsóknargögn er að finna á www.rannis.is. Umsóknum og lokaskýrslum skal skila á rafrænu formi.

**Umsóknarfrestur rennur út 15. maí 2018 kl. 16.**
Ekki er hægt að senda inn umsóknir eftir þann tíma.

Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári, í maí og nóvember. Næsti umsóknarfrestur er 15. nóvember 2018.

Rannís, Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Sími: 515 5800, tonlistarsjodur@rannis.is

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


## Samgönguráðherra telur sig ekki fá nóg

Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er reiknað með að um 125 milljarðar króna fari til innviðauppbyggingar á tímabilinu frá 2019-2023. Fyrstu þrjú árin verður 5,5 milljörðum króna aukalega varið til uppbyggingar sem fjármögnuð verður af arðgreiðslum fjármálafyrirtækja í eigu hins opinbera.

Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra segir þá innspýtingu sem fjármálaráðherra kynnti í gær ekki nægjanlega. „Nei, þetta er ekki nóg. Ástandið er annars vegar þannig að vegir eru að koma mjög illa undan vetri. Bæði er það vegna óhagstæðs veðurs en einnig vegna langvarandi viðhaldsleysis. Þar til viðbótar er umferðaraukningin meiri sem kallar á enn frekari framkvæmdir,“ segir Sigurður Ingi. „Þess vegna höfum við verið að skoða hvort við getum spýtt meira í á þessu ári. Við gætum þurft að flýta framkvæmdum á samgönguáætlun og erum með það til skoðunar og þá með einhvers konar gjaldaleið. Það mun svo skýrast, líklega í næstu viku, hvernig því verður háttað.“



**Fjármálaáætlun var kynnt í Arnarhvoli í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sigurður Ingi segir fjármálaáætlun ekki binda hendur ríkisstjórnarinnar hvað það varðar. „Fjármálaáætlun snýst um tekjur og gjöld hins opinbera og hvernig við ráðstöfum tekjum ríkissjóðs. Hins vegar vitum við hvernig Hvalfjarðargöngin voru fjármögnuð og því getum við séð fyrir okkur slíkar leiðir til að byggja upp á næstu árum án aðkomu ríkisins,“ segir Sigurður Ingi.

# OUTLET

HOLTAGARÐAR

# LOKADAGAR

## AUKA 50% afsláttur

## AF ÖLLUM VÖRUM

OPIÐ FIMMTUDAG - LAUGARDAGS 12-18

PEUGEOT

PEUGEOT PARTNER

*MEÐ BAKKMYNDAVÉL Á TILBOÐI*

*LÁTTU GÆÐIN VINNA MEÐ ÞÉR!*




**Peugeot Partner er hagkvæmur og lipur atvinnubíll sem býður upp á frábært vinnuumhverfi, sveigjanlegt flutningsrými og hagkvæmni í rekstri.**



Sjálfvirk bakkmyndavél, Bluetooth og 7" snertiskjár. Hraðastillir og aksturstölva með eyðslutölum.



3ja sæta. Sveigjanlegt og gott innra rými sem hægt er að stilla eftir þörfum. 850 kg burðargeta og 3,3 m³ hleðslurými.

***KOMDU OG KEYRÐU PEUGEOT PARTNER!***

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

peugeotisland.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



## Ýmsu slengt fram en útfærslum ábótavant



**Birgir Þórarinsson, þingmaður Miðflokksins**

„Í kosningunum var mikið rætt um innviðauppbyggingu og því voru vonbrigði að sjá áætlunina," segir Birgir Þórarinsson, þingmaður Miðflokksins.

Birgir bendir meðal annars á vegamál. Gera eigi átak næstu þrjú árin sem komi til með að kosta alls 16,5 milljarða. „Það er það sama og Vaðlaheiðargöngin koma til með að kosta. Við gerum ekki mikið fyrir það á þremur árum."

Þingmaðurinn segir margt í áætluninni vera afar óljóst. Því sé aðeins slengt fram en ekki sé útlistað frekar með hvaða hætti það verði framkvæmt. Bendir hann þar meðal annars á boðuð komugjöld á ferðamenn og mögulega sölu á Íslandsbanka. Margt í stefnunni komi síðan til með að koma sérstaklega niður á ákveðnum hópum. Þar á meðal nefnir hann boðaða hækkun kolefnisgjalds sem komi sérstaklega niður á almenningi og íbúum landsbyggðarinnar.

„Annað sem sló mig er að sjá að ekki er gert ráð fyrir hækkun til eldri borgara og öryrkja heldur aðeins verðlagshækkunum. Samtímis á að lækka bankaskattinn. Þessar áherslur, með Vinstri græna í forsvari, eru afar sérstakar og mikil vonbrigði," segir Birgir.

## Hér vanti alla forgangsröðun



**Inga Sæland, formaður Flokks fólksins**

„Það er mikið talað um efnahagslega hagsæld og félagslegan stöðugleika, það sé aukið svigrúm til útgjalda og til að bæta lífskjör fólksins í landinu. Því miður sé ég ekki eina einustu krónu sem á að setja í fólkið okkar sem býr við bágustu kjörin," segir Inga Sæland um kynningu á fjármálaáætluninni. Þá segir Inga að í stað eins prósents skattalækkunar væri réttara að fella persónuafsláttinn af þeim sem hafa ofurtekjur og færa niður til þeirra sem þurfa á því að halda.

Hún segir verulega skorta á rétta forgangsröðun. „Hér á að byggja Hús íslenskra fræða og er það vel. Við þurfum Hús íslenskra fræða en ég bara spyr: Hvar er forgangsröðunin? Hvar er fólkið okkar í röðinni?"

Inga segist vera ánægð að sjá hversu mikið er búið að greiða erlendar skuldir niður á síðustu árum. Það lækki vaxtagreiðslur og auki svigrúm til útgjalda ríkissjóðs til annarra málaflokka. „Það svigrúm er ekki nýtt til að hjálpa fólkinu með bágustu kjörin."

# Óábyrg í ljósi spádóma

**Stjórnarandstöðuþingmenn segja fjármálaáætlunina vonbrigði. Of lítið sé lagt í nauðsynlegar úrbætur í samgöngukerfinu og örorku- og ellilífeyrisþegar mæti afgangi. Varaformaður Viðreisnar segir stjórnina líta fram hjá stöðu hagkerfisins.**



**Þorsteinn Víglundsson, þingmaður Viðreisnar**

„Stutta útgáfan er í raun sú að þessi áætlun er algjörlega óraunhæf og óábyrg. Fjármáladraumsýn er í raun réttnefni á hana," segir Þorsteinn Víglundsson, þingmaður Viðreisnar, um fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar.

Þorsteinn segir að áætlunin geri ráð fyrir nær fordæmalausri útgjaldaaukningu á næstu fimm árum en samtímis séu kynntar fyrirhugaðar skattalækkanir. Allt of bratt sé farið í að auka útgjöld sé litið til teikna sem á lofti eru í hagkerfinu.

„Áætlunin byggir á forsendum um hagvöxt sem eru í besta falli mjög bjartsýnar. Ef þær ganga eftir þá er um að ræða einstakan atburð í íslenskri hagsögu. Ríkisstjórnin er að tefla á tæpasta vað með loforðum um aukin útgjöld og skattalækkanir og í raun mun ríkissjóður ekki ráða við þessi auknu útgjöld nema með umtalsverðum skattahækkunum," segir Þorsteinn.

Hann bendir á að svo virðist sem hagkerfið sé tekið að kólna og sé að kólna nokkuð hratt. Þá séu blikur á lofti um að búast megi við átakavetri á vinnumarkaði. Rétt væri að halda úti fimm ára áætlun sem tekur mið af því.

„Í sögulegu samhengi þá hefur hagþróun aldrei gengið eftir með þeim hætti sem spáð er þarna. Þarna er gert ráð fyrir að eftir kröftugan vöxt muni hagkerfið lenda silkimjúkt í rúmum tveggja prósenta hagvexti. Mýksta lendingin hingað til er tveggja til þriggja ára tímabil án hagvaxtar og oft hefur ríkt samdráttur," segir Þorsteinn.

Hvað forgangsröðun áætlunarinnar varðar gerir Þorsteinn ekki athugasemdir við hana. Hún sé áþekk þeirri sem kom fram í fjármálaáætlun fyrri ríkisstjórnar. Ánægjulegt sé að verið sé að forgangsraða í þágu heilbrigðiskerfis og velferðarmála.

„En ég tel að stjórnin sé að lofa upp í ermina á sér. Hún lætur viðvörunarljós lönd og leið og blæs til stórsóknar. Slíkt er óábyrgt við aðstæður sem þessar og ekki annað hægt en að gefa slíkri nálgun falleinkunn," segir Þorsteinn.

## Furðulegt að Vinstri græn vilji halda þessari vegferð áfram



**Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar**

„Áætlunin er töluverð vonbrigði og ég er hissa að sjá ekki dýpri fingraför Vinstri grænna á þessu plaggi. Þarna staðfestist í raun hægri stefna Sjálfstæðisflokksins," segir Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar.

Stefnt sé að því að breyta útreikningi á fjármagnstekjuskatti, „líklega á þann veg að auðmenn geti varið sig fyrir verðbólgu." Ekki sé gert ráð fyrir aukningu í barna- og vaxtabætur og þá sé dregið úr stuðningi við félagslega leiguuppbyggingu.

„Í samgöngumálin á að setja aukalega 5,5 milljarða á ári í þrjú ár. Það uppfyllir ekki samgönguáætlun og er langt frá viðhaldsþörf. Trúa menn virkilega að með 16,5 milljörðum verði allt í lagi?" spyr Logi.

Formaðurinn fagnar hverri einustu krónu sem fer í uppbyggingu innviða og heilbrigðiskerfisins en það sé ekki nóg. Margar breytingar nýtist helst þeim sem hæst launin hafa en þær tekjur mætti nýta til að hjálpa þeim sem verst kjörin hafa.

„Það vekur furðu mína að pólitísku nágrannar mínir í Vinstri grænum vilji halda þessum leiðangri áfram en ekki stefna að því samfélagi sem við og þau töluðum um fyrir kosningar," segir Logi.

## Enginn munur á þessari áætlun og síðustu



**Björn Leví Gunnarsson Pírati**

„Þessi fjármálaáætlun er í aðalatriðum nákvæmlega eins og síðasta áætlun, með sömu aðgerðum og markmiðum," segir Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata. Hann bendir á að nokkrir milljarðar hafi fengist til útgjalda vegna þess að tekin var ákvörðun um að skila lægri afgangi en í síðustu áætlun, í stað þess að styrkja tekjustofna ríkisins.

Björn gefur lítið fyrir orð um uppbyggingu innviða: „Okkur var sagt að verið væri að bæta 5,5 milljörðum á ári hverju í þrjú ár umfram það sem er sett í samgöngu- og innviðauppbyggingu. Það eru samtals 16,5 milljarðar í innviðauppbyggingu, það væri hægt að byggja ein göng fyrir þetta aukna framlag."

Hann segir hækkanir til aldraðra og öryrkja hafa mátt vera hærri, þær einfaldlega fylgi fólksfjölgun í þeim hópum. Þá gagnrýnir Björn skattalækkunina sem hann segir gagnast betur þeim sem hafa háar tekjur en lágar. „Og svo eru þau meira að segja að fara að lækka framlag til húsnæðismála sem er eitt stærsta vandamálið á landinu þessa dagana."


BOSS
HUGO BOSS
SAND
POLO
RALPH LAUREN
Stenströms
ARMANI
COLLEZIONI
eterna
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
G-STAR RAW
FINUCCI
bugatti
TINO COSMA
BELLINI
collezione
MANZ
BARKER
LLOYD
Herra lagerinn outlet
líka fyrir konur
Troðfull verslun af merkjavöru!
40% - 60%
afsláttur af öllum vörum
Opið virka daga frá kl. 11 til 18 / laugardaga frá kl. 11 til 17 / sunnudaga frá 13 til 17 / Sími 568 9512 Suðurlandsbraut 54 / bláu húsin (við faxafen)

## Fimmtíu ára skáli ekki nýbygging

**SKATTAR** Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) hefur fellt úr gildi álagningu skipulagsgjalds á ker- og steypuskála Rio Tinto Alkan (RTA) í Straumsvík. Félagið þarf því ekki að greiða rúmlega 49 milljónir vegna þeirra.

Árið 2007 gekk í gildi breyting á samkomulagi RTA við ríkið þar sem fyrirtækið gekkst undir almennar skattareglur hérlendis. Fasteignamat var unnið fyrir verksmiðju fyrirtækisins en brunabótamat var ekki fullgert samtímis. Olli það vandræðum vegna ýmissa gjalda sem leggjast á tryggingar byggðar á brunabótamati. Var því lagst í að gera brunabótamat en það hljómaði upp á 24,6 milljarða króna. Að því loknu var lagt á skipulagsgjald. RTA var rukkað um rúmar 49 milljónir.

Félagið kærði álagninguna til nefndarinnar en í niðurstöðu hennar segir að byggingarnar hafi verið reistar á árunum 1967, 1970 og 1997. Því gætu þær ekki talist nýbyggingar árið 2016 þegar gjaldið var lagt á. Var því álagning Tollstjóra felld úr gildi. **– jóe**


FÍR

## AÐALFUNDUR 2018

**Aðalfundur Félags íslenskra rafvirkja verður haldinn fimmtudaginn 12. apríl 2018, kl. 18.00, á Stórhöfða 27, sal Rafiðnaðarskólans. (gengið inn Grafarvogsmegin)**

**DAGSKRÁ:**
1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kosning kjörstjórnar FÍR skv. 38. grein laga félagsins.
3. Kosning fulltrúa á ársfund Birtu lífeyrissjóðs.
4. Lagabreytingar.
5. Atkvæðagreiðsla um tvö sæti í trúnaðarráði.
6. #Metoo kynnt frá lagalegri hlið af Ólafi Eyjólfssyni lögfræðingi RSÍ.

Á aðalfundinum verða tveir menn kosnir til eins árs í trúnaðarráð. Þeir sem hyggjast bjóða sig fram þurfa með framboði sínu að leggja fram lista með 18 meðmælendum á fundinum.

Boðið verður uppá hamborgara og fermingafranskar frá kl 17:45 á fundinum

Kveðja, stjórnin


# Fagráð á móti afnámi auglýsingabanns

**Verkefnisstjóri áfengis- og vímuvarna hjá Landlækni segir klárt að auglýsingum og markaðssetningu á áfengi fylgi aukin neysla. Misráðið væri að slaka á áfengislöggjöf hér á sama tíma og verið sé að herða hana í mörgum löndum Evrópu.**

**LÝÐHEILSA** „Það eru stórar stofnanir sem fylgjast með þessu og auglýsingar og markaðssetning á áfengi hefur áhrif til aukinnar neyslu, það er alveg klárt. Hún færir ekki bara neysluna milli tegunda,“ segir Rafn M. Jónsson, verkefnisstjóri áfengis- og vímuvarna hjá Embætti landlæknis.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, sagði meðal annars í gagnrýni sinni á áfengisauglýsingabannið á Íslandi í Fréttablaðinu í gær að rannsóknir frá öðrum ríkjum sýndu að áfengisauglýsingar leiddu ekki til aukinnar neyslu heldur hefðu fremur áhrif á hvaða tegunda fólk neyti. Bannið væri gagnslítið og leiddi til mismununar gagnvart innlendum framleiðendum. Ólafur benti líka á að félagið hefði gert drög að siðareglum sem félagsmenn myndu gangast undir og miða að því að beina auglýsingum ekki að ungmennum né fegra neyslu eða áhrif áfengis.



Farið verður yfir tillögu um afnám banns við áfengisauglýsingum í fjölmiðlum á næstunni. Sitt sýnist hverjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Rafn segir það hafa sýnt sig í Evrópu að iðnaðinum sé ekki treystandi til að hafa eftirlit með sjálfum sér. Þar sé þróunin í þá átt að herða reglur um markaðssetningu áfengis fremur en að slaka á. Grænland, Finnland og Eistland hefðu til dæmis sett sérstakar reglur um markaðssetningu á samfélagsmiðlum og netinu.

„Það myndi skjóta skökku við hjá okkur að fara í hina áttina og leyfa enn frekari auglýsingar.“

Rafni hugnast því ekki tillögur nefndar um bætt rekstrarumhverfi fjölmiðla sem liggja nú á borði mennta- og menningarmálaráðherra um afnám áfengisauglýsingabannsins. Lilja Alfreðsdóttir sagði í Fréttablaðinu að lýðheilsusjónarmið muni þar ráða för og að góð rök þyrfti til að breyta núverandi banni.

> **Fagráð áfengis- og vímuvarna fundar sérstaklega um þetta í næstu viku þannig að við myndum klárlega leggjast gegn þessari rýmkun.**
>
> Rafn M. Jónsson, verkefnisstjóri áfengis- og vímuvarna

Ólafur taldi slík rök liggja fyrir, Rafn er á öndverðum meiði.

„Fagráð áfengis- og vímuvarna fundar sérstaklega um þetta í næstu viku þannig að við myndum klárlega leggjast gegn þessari rýmkun,“ segir Rafn og bætir við að ef eitthvað er ætti að herða áfengislöggjöfina og skerpa á ákveðnum greinum hennar. Meðal annars hinni umdeildu léttölsholu sem framleiðendur hafa hingað til nýtt sér til að skauta fram hjá banninu.

„Skilgreining á léttöli er hvergi til í áfengislögum, léttöl er ekkert endilega óáfengur drykkur. Meðan sú skilgreining er ekki til staðar þá halda þessar léttölsauglýsingar ekki. En menn eru meðvitað að fara í kringum þetta. Þessa grein áfengislaganna má alveg uppfæra og herða til að taka betur á markaðssetningu, fremur en bara auglýsingum.“

Aðspurður hvort hann eigi þá ekki von á því að afnámið nái fram að ganga segir Rafn að miðað við þá þekkingu sem til staðar sé og þær breytingar sem séu að verða í Evrópu yrði það misráðið. Verið sé að herða áfengislöggjöf í Evrópu og víða sé horft til Íslands í þeim efnum.

„Það er horft til okkar með einkasöluna og auglýsingabannið. Þetta yrði ljóður á okkar annars ágætu áfengisstefnu út á við.“

**mikael@frettabladid.is**


FORD KA+

# SNJALLASTUR!

Ford KA+ er snjall bíll með litríkan persónuleika sem skín í gegnum nýtt útlit hans með töffaralegu Ford grilli og rennilegum framljósum. Ford KA+ er svo snjall að í honum getur þú með raddstýringu hringt og svarað símtölum, hlustað á sms skilaboð eða spilað uppáhalds tónlistina þína.



**Mánaðargreiðsla:**
**23.215 kr.**
- Miðað við 80% Lykillán
- Kaupverð 1.790.000 kr.
- Útborgun 358.000 kr.
- Vextir 7,95%
- Lánstími 84 mánuðir
- Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,64%

VERÐ FRÁ:
**1.790.000** KR.

***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford KA+***

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Ford

ford.is




# Dagur verkfræðinnar

**13:00** **Setning: Páll Gíslason, formaður Verkfræðingafélags Íslands.**
**13:10** **Ávarp: Ásta S. Fjeldsted, verkfræðingur og framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.**
**13:20** **„Verkfræðin og fjórða iðnbyltingin", Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík.**

SALUR A //

## Nýir tímar, ný tækni

**Sound of Vision.**
Rúnar Unnþórsson, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild HÍ.

**Vitvélar og gervigreind.**
Kristinn R. Þórisson, stjórnandi Vitvélastofnunar Íslands, og Hannes Högni Vilhjálmsson, frá Gervigreindarsetri HR.

**Wave hringurinn – bylting í tónlist og fjarskiptatjáningu.**
Ólafur Bjarki Bogason, framkvæmdastjóri Genki Instruments.

**Stafræn bylting í framsækinu fyrirtæki.**
Jóhannes Bjarni Bjarnason, verkefnisstjóri BIM hjá Isavia.

KL. 15:00 – 15:30

KAFFIHLÉ

**Snjallnet („Smartgrid").**
Guðjón Hugberg Björnsson, verkfræðingur og verkefnisstjóri hjá Landsneti.

**Snjallsamgöngur.**
Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir, samgönguverkfræðingur hjá Mannviti.

**Tækniframfarir og fjárfestingar. - Hverjir fjárfesta og hvað þarf til?**
Jenný Ruth Hrafnsdóttir verkfræðingur og stofnandi Crowberry Capital.

**Verkfræðinemar HÍ og HR.**
Team Spark kappakstursbíllinn.
Team Sleipnir kappakstursbíllinn.

STJÓRN:
Kristjana Kjartansdóttir, gæðastjóri OR og í stjórn VFÍ.

SALUR B //

## Umhverfið og verðmætasköpun

**Gas- og jarðgerðarstöð SORPU.**
Bjarni G. P. Hjarðar, yfirverkfræðingur hjá SORPU.

**Nýjar slóðir í umhverfisrannsóknum á Íslandi.**
Börkur Smári Kristinsson, yfirmaður verkefnaþróunar hjá Resource International.

**Hannað og byggt á umhverfisvænni hátt.**
Helga J. Bjarnadóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs Eflu.

**Arðsemi orkugeirans – Kárahnjúkavirkjun 10 ára – Ljósafossvirkjun 80 ára.**
Gunnar Tryggvason, verkfræðingur hjá KPMG.

KL. 15:00 – 15:30

KAFFIHLÉ

**Sót í Reykjavík.**
Bergljót Hjartardóttir, meistaranemi í umhverfisverkfræði við HÍ.

**Nýsköpunarverkfræði, síldarlýsi í nýju hlutverki.**
Snorri Hreggviðsson, framkvæmdastjóri Margildis.

**Hengillinn taminn með auðlindastýringu.**
Edda Sif Aradóttir, starfandi framkvæmdastjóri Þróunarsviðs OR.

**Vistvænar byggingar.**
Elín Vignisdóttir, landfræðingur hjá Verkís.

STJÓRN:
Heiða Njóla Guðbrandsdóttir, verkfræðingur, verkefnastjóri hjá Icelandair og formaður Kvennanefndar VFÍ.

SALUR H-I //

## Verkfræðin er alls staðar

**Umhverfismál í rafsegulheimum.**
Sæmundur Þorsteinsson, lektor í rafmagnsverkfræði við HÍ.

**Íslensk hönnun á göngubrúm í Noregi.**
Magnús Arason, fagstjóri brúasviðs hjá EFLU verkfræðistofu.

**Rekstraröryggi hjá orkufyrirtækjum. Nýsköpunarverkefnið Garpur.**
Íris Baldursdóttir, framkvæmdastjóri kerfisstjórnunarsviðs hjá Landsneti.

**Staðan á Hringbrautarverkefninu. – Nýr Landspítali.**
Gunnar Svavarsson, verkfræðingur og framkvæmdastjóri NLSH ohf.

KL. 15:00 – 15:30

KAFFIHLÉ

**Öryggi vélbúnaðar.**
Ársæll Þorsteinsson, vélaverkfræðingur hjá Mannviti.

**CFD greining á loftflæði í inniumhverfi.**
Hörður Páll Steinarsson, verkfræðingur hjá WSP í London.

**Nýtt farangurskerfi í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.**
Jón Kolbeinn Guðjónsson, yfirverkefnastjóri farangurskerfa Isavia.

**Í átt að betri framtíð. Innleiðing á jafnlaunastaðli.**
Gyða Björg Sigurðardóttir, B.Sc. í verkfræði, eigandi Ráður ehf.

STJÓRN:
Hlín Benediktsdóttir, verkfræðingur, rekstrarstjóri hjá Veitum og varaformaður Kjaradeildar VFÍ.

LÉTTAR VEITINGAR Í LOK DAGS
ALLIR VELKOMNIR - FRÍTT INN

Skráning fer fram á vfi.is og á skrifstofu VFÍ í síma 535 9300.
Birt með fyrirvara um breytingar.

Verkfræðingafélag Íslands

# Pútín býst við heilbrigðri skynsemi

**Rússar sigri hrósandi eftir ummæli framkvæmdastjóra rannsóknarstofu breska hersins um eitrið sem Sergei Skrípal var byrlað. Fóru fram á neyðarfund Efnavopnastofnunarinnar. Bretar standa þó enn fast á sínu og bandamennirnir standa við bakið á þeim.**



Vladimír Pútín, forseti Rússlands, fer fram á heilbrigða skynsemi í Skrípal-málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**RÚSSLAND** Viðtal Sky News við Gary Aitkenhead, framkvæmdastjóra rannsóknarstofu breska hersins í Porton Down, hefur kynt undir deilu Rússa og Breta um efnavopnaárás marsmánaðar á fyrrverandi rússneska gagnnjósnarann Sergei Skrípal og Júlíu dóttur hans.

Sagði Aitkenhead í viðtalinu að ekki hafi tekist að staðfesta að Novichok-eitrið, sem notað var í tilræðinu, hafi komið frá Rússlandi. Hins vegar væri ljóst að einungis ríki hafi getað framleitt eitrið.

Rússar hafa alla tíð haldið fram sakleysi sínu í málinu. Stukku þeir því á þessi ummæli Aitkenheads og fóru mikinn. Rússneska sendiráðið í Bretlandi sagði púsluspil Breta detta í sundur, Dmítrí Peskov, talsmaður forseta, sagði þau sýna að „tryllingslegar ásakanir“ Breta væru ósannar og Rússar kölluðu eftir fundi hjá Stofnuninni um bann við efnavopnum.

Rússar eru þó ekki þeir einu sem gripu ummæli Aitkenheads á lofti. Diane Abbott, skuggaráðherra innanríkismála og þingmaður Verkamannaflokksins, sakaði Boris Johnson utanríkisráðherra um að afvegaleiða almenning í málinu.

Á fundinum kom einna helst fram að stofnunin byggist við því að rannsókn lyki innan viku.

Aðspurður hvort hann byggist við afsökunarbeiðni í gær sagði Vladímír Pútín forseti að hann byggist raunar ekki við neinu. „Ég býst samt við því að heilbrigð skynsemi verði ofan á,“ sagði forsetinn.

Fyrir fundinn buðust Rússar til þess að rannsaka málið í samstarfi við Breta. „Tilboð Rússa um sameiginlega rannsókn er fáránlegt,“ sagði í tísti frá bresku sendinefndinni.

thorgnyr@frettabladid.is

### Eru Rússar sem sagt saklausir?

Ekki endilega. Þótt ekki hafi tekist að staðfesta nákvæmlega uppruna novichok-eitursins liggur enn fyrir að hið opinbera framleiddi eitrið og að svo sannarlega væri um Novichok-eitur að ræða. Þá ber einnig að taka tillit til þess að Skrípal er fyrrverandi gagnnjósnari, „föðurlandssvikari“.

Pútín sagði svo sjálfur í sjónvarpsviðtali árið 2010 að föðurlandssvikarar myndu deyja.

Bretar standa enn við ásakanir sínar. Á fundi Efnavopnastofnunarinnar í gær kom fram að Bretar byggðu ásakanirnar á fjórum atriðum. Eitrinu sjálfu, vitneskju um að Rússar hafi áður og geti enn framleitt eitrið, fyrri morðtilræðum sem rússnesk yfirvöld hafa fyrirskipað og því mati að Rússar álitu „föðurlandssvikara“ réttdræpa. Sagði fulltrúi Breta jafnframt að Rússar hefðu gefið 24 mismunandi og fáránlegar skýringar á atvikinu.

Þá styðja Evrópusambandsríki málstað Breta enn.

# Hertók þinghúsið í skugga vantrausts

**SÓMALÍA** Hermenn, hliðhollir Mohamed Osman Jawari, forseta sómalíska þingsins, hertóku í gær sómalíska þinghúsið. Frá þessu greindi sómalíski fjölmiðillinn Shabelle í gær. „Hermennirnir hafa umkringt þinghúsið og hafa tekið völdin á þinginu,“ sagði í frétt Shabelle.

Til stóð að fram færi atkvæðagreiðsla um vantraust á þingforsetann í gær. Eftir að hermenn hans höfðu hertekið þinghúsið mætti forsetinn sjálfur á svæðið, að því er Puntland Post greindi frá. „Forsetinn var í fylgd annars varaforseta, Mahad Awad. Fyrsti varaforseti, Abdiweli Mudey, var mættur á undan þeim. Þingmenn þurftu hins vegar að bíða í löngum röðum eftir að fá heimild til að fara inn í þinghúsið,“ sagði á síðu Puntland Post.

Þingmennirnir sem andvígir eru Jawari yfirgáfu þingsal í kjölfar hertökunnar. Sögðu þeir við netmiðilinn Dhacdo að ómögulegt væri að halda þingfund við þetta ástand. Þá greindi Radio Kulmiye frá því að hermennirnir hafi ekki bara staðið vörð um þinghúsið heldur einnig ráðist endurtekið á blaðamenn sem fylgdust með gangi mála.

Undanfarna daga hafði verið deilt harðlega um dagskrá þingsins. Vildu menn þingforseta frekar ræða fyrirhugaðan landamæramúr sem keníska ríkið ætlar sér að reisa á meðan andstæðingar þingforseta vildu halda áfram umræðum og svo greiða atkvæði um vantraust.

Styr hefur staðið um Jawari. Hefur Hassan Ali Kheyre forsætisráðherra verið sagður hafa fyrirskipað þingmönnum að lýsa yfir vantrausti á Jawari. Þingforsetinn hefur verið sakaður um að reyna að spilla fyrir störfum ríkisstjórnarinnar.

Þrýst hefur verið á Jawari að segja af sér vegna málsins. Hefur hann raunar áður staðið af sér vantraust. „Þau eru að krefjast þess að ég segi af mér. En ég ætla ekki að segja af mér. Ég vinn ekki fyrir þau,“ sagði Jawari á þriðjudaginn. – þea



Mohamed Osman Jawari, forseti sómalíska þingsins. NORDICPHOTOS/AFP






# YVES SAINT LAURENT KYNNING

## Í SNYRTIVÖRUVERSLUNUM HAGKAUPS 5.-11. APRÍL

FÆST EKKI Í HAGKAUP BORGARNESI, REYKJANESBÆ OG SPÖNG

### TOUCHE ÉCLAT ALL-IN-ONE GLOW FOUNDATION

**NÝR LÉTTUR OG FRÍSKLEGUR FARÐI FRÁ YSL**

- Rakagefandi farði sem framkallar heilbrigt útlit og geislandi ljóma.
- Gefur náttúrulega miðlungs þekju og aðlagast húðinni fullkomlega.
- Frískaðu uppá útlitið hvar sem er og hvenær sem er, spegill óþarfur.

**20% AFSLÁTTUR**

**AF YSL Á KYNNINGU**

### VANTAR ÞIG AUKA MÍNÚTUR Í SÓLARHRINGINN?

**UNIVERSAL MAKEUP REMOVER MELTING BALM-IN-OIL**




Alhliða farðahreinsir fyrir andlit, augu og varir sem bráðnar þegar hann hitnar á húðinni og leysir upp allan farða á augabragði. Tandurhrein húð og þægileg tilfinning. Einstaklega mildur en á sama tíma áhrifaríkur. Hentar vel fyrir viðkvæma húð.

HAGKAUP

*Meira svona alla daga*



Ragnar Páll Dyer, framkvæmdastjóri Júpíters rekstrarfélags.

## Hagnaður Júpíters tvöfaldaðist

Júpíter rekstrarfélag, sem er í eigu Kviku banka, hagnaðist um rúmar 59 milljónir króna á síðasta ári. Tvöfaldaðist hagnaðurinn á milli ára.

Hreinar rekstrartekjur félagsins námu 347 milljónum á árinu og jukust um 22 prósent frá fyrra ári en rekstrargjöldin voru 272 milljónir og hækkuðu um 10 prósent á milli ára.

Eignir Júpíters námu 229 milljónum króna í lok síðasta árs borið saman við 152 milljónir í árslok 2016. Eigið fé var 160 milljónir í lok árs 2017 og eiginfjárhlutfallið því 18,8 prósent.

Á árslok 2017 voru 22 sjóðir í rekstri Júpíters sem og eitt samlagshlutafélag. Eignir í stýringu voru 70,3 milljarðar króna borið saman við 31,3 milljarða í upphafi síðasta árs.

Stjórn félagsins hefur lagt til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa vegna síðasta árs. – kij

# Fleiri tekjuháir nýta sér Airbnb

Tekjuháir ferðamenn nýta sér leiguvefinn Airbnb í síauknum mæli. Fyrir fáeinum árum gistu aðallega tekjulægri ferðamenn í Airbnb-íbúðum. Viðsnúningurinn hefur verið hraður, að sögn hagfræðings. Hlutdeild gistinátta erlendra ferðamanna í gegnum vefinn var yfir 45 prósent af heildarfjölda gistinátta í fyrra.

Tekjuhærri ferðamönnum sem gista í Airbnb-íbúðum hér á landi hefur fjölgað hlutfallslega meira á undanförnum árum en tekjulægri ferðamönnum sem nýta sér gistiþjónustuna, samkvæmt greiningu Kára S. Friðrikssonar, hagfræðings ráðgjafarfyrirtækisins Intellecon, sem er meðal annars byggð á könnunum Ferðamálastofu.

Fimm prósent ferðamanna sem sögðust í könnun Ferðamálastofu hafa háar tekjur gistu í húsnæði í einkaeigu, þar á meðal Airbnb-íbúðum, veturinn 2013 til 2014 en hlutfallið var komið í 38 prósent sumarið 2016.

Á sama tíma fór hlutfall tekjulágra ferðamanna, sem gistu í húsnæði í einkaeigu, úr 20 prósentum veturinn 2013 til 2014 í 27 prósent sumarið 2016.

„Áður voru það aðallega tekjulágir ferðamenn sem notfærðu sér Airbnb. Ekki eru mörg ár síðan aðeins um fimm prósent tekjuhárra ferðamanna gistu í húsnæði í einkaeigu en sumarið 2016 voru þeir orðnir stærsti tekjuhópurinn sem það gerir. Þetta hefur verið mjög hraður viðsnúningur,“ nefnir Kári.

Hann segir vandkvæðum bundið að útskýra þessa þróun. „Það gæti verið að ákveðin viðhorfsbreyting

> Það er ljóst að við höfðum ekki getað tekið á móti öllum þessum mikla ferðamannafjölda nema vegna Airbnb.



Kári S. Friðriksson, hagfræðingur Intellecon

hafi átt sér stað. Að ferðamenn nýti sér ekki Airbnb einungis til þess að spara pening, heldur upplifunarinnar vegna. Tölurnar bera með sér að sumir vilji frekar gista í Airbnb-íbúðum en á hótelum óháð verðinu.“

Samkvæmt greiningu Kára, sem er byggð á tölum frá Hagstofu Íslands og gagnaveitunni Airdna, var hlutdeild gistinátta erlendra ferðamanna í gegnum Airbnb yfir 45 prósent af heildarfjölda gistinátta á hótelum og Airbnb á síðasta ári. Til samanburðar var hlutdeild Airbnb um 30 prósent árið 2016 og 15 prósent 2015.

Sem dæmi voru gistinætur erlendra ferðamanna á hótelum alls 271.634 talsins í desember á síðasta ári en séu gistinætur í gegnum Airbnb teknar með í reikninginn var heildarfjöldinn ríflega 520 þúsund.

„Nýting hótelherbergja var um 74 prósent á landinu síðastliðinn febrúar og yfir 90 prósent á höfuðborgarsvæðinu. Það er ljóst að við hefðum ekki getað tekið á móti öllum þessum mikla ferðamannafjölda nema vegna Airbnb,“ segir Kári.

Hann tekur auk þess fram að ekki sé hægt að segja að vöxtur í fjölda gistinátta hafi staðnað, eins og stundum mætti halda af umræðunni. „Vissulega hefur fjölgun gistinátta á hótelum verið hófleg að undanförnu og eitthvað hægst þar á vextinum, en ef gistinætur á Airbnb eru teknar með í reikninginn er heildarfjölgunin enn þó nokkur.“

kristinningi@frettabladid.is

### Tekjuhærri ferðamenn nýta sér Airbnb í auknum mæli




Heimild: Ferðamálastofa

# LBI vann ellefu dómsmál

Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði í síðustu viku öllum kröfum fyrrverandi eigenda hlutdeildarskírteina í peningamarkssjóðum Landsvaka í ellefu prófmálum sem höfðuð voru á hendur eignarhaldsfélaginu LBI. Alls voru 223 mál af þessum toga höfðuð gegn LBI, sem heldur utan um eignir gamla Landsbankans, en ákveðið var að reka ellefu prófmál.

Stefnendur í málunum áttu hlutdeildarskírteini í sjóðum Landsvaka og töldu sig hafa orðið fyrir tjóni vegna ólögmætra og saknæmra vinnubragða fyrrverandi starfsmanna félagsins.

Héraðsdómur taldi að fram væru komnar vísbendingar, sönnunargögn og veigamikil rök sem hníga að því að gamli Landsbankinn hefði í sýslan sinni um dótturfélag sitt, Landsvaka, gengið fram með þeim hætti að almennt myndi teljast saknæmt. Hins vegar var talið að stefnendur hefðu ekki sýnt fram á að þeir hefðu beinlínis orðið fyrir tjóni af þeim sökum. Var kröfunum því hafnað. – kij



Ársæll Hafsteinsson, framkvæmdastjóri LBI.

# Meta bréf Vodafone yfir markaðsvirði

Hagfræðideild Landsbankans metur gengi hlutabréfa í Vodafone á 77,8 krónur á hlut, sem er ríflega 10 prósentum yfir skráðu gengi bréfanna eftir lokun markaða í gær, samkvæmt nýlegu verðmati sem Fréttablaðið hefur undir höndum. Sérfræðingar bankans telja enn óvissu ríkja um mögulega samlegðaráhrif vegna kaupa Vodafone á eignum og rekstri 365 miðla.

Í verðmati hagfræðideildarinnar er því spáð að rekstrartekjur Vodafone verði 20,1 milljarður króna á þessu ári. Er það nokkur lækkun frá spánni í síðasta verðmati í



Stefán Sigurðsson, forstjóri Vodafone.

desember á síðasta ári. Ástæðan, að sögn sérfræðinga Landsbankans, er sú að þeir töldu að sameining áðurnefndra félaga myndi ganga hraðar fyrir sig en raunin hefur verið.

Fullra áhrifa samrunans eigi að taka að gæta á næstu átta til fjórtán mánuðum, að því er segir í verðmatinu, og telja Landsbankamenn líklegt að það gerist á seinni enda bilsins. Þrátt fyrir óvissuna vegna samrunans er gert ráð fyrir því í verðmatinu að ætlanir stjórnenda Vodafone gangi í stórum dráttum eftir.

Að mati hagfræðideildarinnar verður EBITDA félagsins – rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – 4,3 milljarðar á þessu ári og 5,1 milljarður árið 2020. Til samanburðar gera stjórnendurnir ráð fyrir að EBITDA verði 4 til 4,4 milljarðar í ár og 5 milljarðar árið 2020. – kij




NISSAN INTELLIGENT MOBILITY
NÝR NISSAN LEAF
EINFALDLEGA EINSTAKUR
NISSAN
Innovation that excites
NISSAN
LEAF
SIGURVEGARI
WORLD GREEN CAR
OF THE YEAR 2018
ENNEMM / SÍA / NM87514
Nýr Nissan Leaf var í upphafi páskahelgarinnar kjörinn The World Green Car 2018 á alþjóðlegu bílasýningunni í New York. Verðlaun World Car Awards eru ein þau eftirsóttustu sem veitt eru í bílaiðnaðinum á heimsvísu.
FRUMSÝNDUR LAUGARDAG.
WINNER
WORLD CAR AWARDS
2018 WORLD GREEN CAR
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

# Það sem ekki má



**Kolbrún Bergþórsdóttir**
kolbrunb@frettabladid.is

Það hefur löngum einkennt íslensk stjórnvöld að gera ráð fyrir að þjóðin kunni ekki fótum sínum forráð. Þess vegna er talið afar brýnt að hafa ekki einungis vit fyrir þjóðinni heldur einnig sérstakt eftirlit með henni. Þessar miður geðslegu áherslur ráðamanna hafa enn og aftur skotið upp kollinum vegna tillögu nefndar um bætt rekstrarumhverfi fjölmiðla en þar er lagt til að afnema bann við áfengisauglýsingum.

Ein hlið þessa máls snýst um þær tekjur sem fjölmiðlar gætu aflað sér yrðu áfengisauglýsingar leyfðar, en þær yrðu allnokkrar og gætu styrkt stöðu einkarekinna fjölmiðla. Í flestum tilvikum veitir sannarlega ekki af því. Það er hins vegar ekki meginatriði málsins heldur hitt að bannið er tilgangslaust og skilar engum árangri. Auk þess felst í því forræðishyggja af allra versta tagi.

Enn sem fyrr sýnir sig að ráðamenn vilja stjórna lífi fólks með boðum og bönnum. Mennta- og menningarmálaráðherra þjóðarinnar, Lilja Alfreðsdóttir, stígur alvöruþrungin fram í fjölmiðlum, upptekin við að leggja þjóðinni lífsreglurnar og segir að lýðheilsustefna muni ráða því hvaða stefna verði tekin í málinu. Allir vita hvað það þýðir. Ráðherrann hefur einfaldlega engan áhuga á að banninu verði aflétt. Afturhald allra stjórnmálaflokka mun vafalítið taka sér varðstöðu við hlið ráðherrans.

Það er sérkennileg þversögn fólgin í því að áfengisauglýsingar skuli vera bannaðar hér á landi en um leið ofur sýnilegar. Nútímamaðurinn er hluti af alþjóðasamfélaginu, er á samfélagsmiðlum, á vefnum, horfir á erlendar sjónvarpsstöðvar og les erlend blöð og tímarit. Þar blasa áfengisauglýsingar frá erlendum framleiðendum við hverjum sem þær vill sjá. Íslenskir áfengisframleiðendur og innflytjendur eiga ekki kost á því að auglýsa vöru sína hér á landi, sem er fáránlegt. Þeir hafa brugðið á það ráð að fara á svig við lögin með auglýsingum þar sem léttöl er auglýst í stað bjórs. Eitthvað mun svo um að þeir hafi farið nýja og óhindraða leið og birt áfengisauglýsingar á samfélagsmiðlum.

Engar sérstakar fréttir berast af því að áfengisauglýsingar hafi illilega afvegaleitt þá einstaklinga sem þær sjá. Síst er ástæða til að ætla að Íslendingar muni umbreytast í brennivínsóða berserki verði áfengisauglýsingar heimilaðar hér á landi og sýnilegar í fjölmiðlum. Ekki frekar en gerðist á Íslandi þegar banni var aflétt af sölu á áfengu öli. Fjölmennur grátkór mátti engan veginn til þess hugsa að landsmenn gætu keypt sér bjór og þuldi spádóma sína um stanslausa dag- og næturdrykkju landsmanna með tilheyrandi hörmungum eins og börnum ráfandi um á vergangi meðan foreldrarnir lægju einhvers staðar afvelta vegna áfengisdrykkju. Raunveruleikinn reyndist allt annar. Í ljós kom að þjóðinni var treystandi til að drekka bjór.

Allir vita af áfengisauglýsingum en samt kjósa ráðamenn að láta sem þær séu ekki til. Þeir trúa á bann sem hefur samt alls enga þýðingu því það sem er bannað er öllum sýnilegt. Þetta má með sanni kallast að stinga höfðinu í sandinn. Er ekki kominn tími til að ranka við sér og lifa í samtímanum?

**Þeir trúa á bann sem hefur samt alls enga þýðingu því það sem er bannað er öllum sýnilegt. Þetta má með sanni kallast að stinga höfðinu í sandinn.**

Halldór







## Frá degi til dags

**Að sjá ljósið**
**Ljósmæður, hin tæra kvennastétt, á í harðvítugum deilum við samninganefnd ríkisins um bætt launakjör. Deilan hefur staðið yfir lengi og ekki sér fyrir endann á henni. Að mati ljósmæðra mæta þær köldu viðmóti þar sem ekki er gefin tomma eftir. Það er ákveðin tragíkómík falin í því að hrein kvennastétt þurfi að eiga í þessum erjum á meðan í stjórnarráðinu spígsporar einn helsti femíníski forsætisráðherra heimsins. En hvað getur forsætisráðherrann gert?**
**sveinn@frettabladid.is**

**Íhald og núvitund**
**Núvitundarsetrið fékk nýlega hálfa milljón króna í styrk til að kynna þingmenn landsins fyrir ágæti núvitundar. Verkefnið er að breskri fyrirmynd og mun þingmaður tjalla koma hingað til lands í þessum erindagjörðum auk þess að þingmönnum verður boðið upp á átta vikna námskeið um efnið. Einhvern tímann var sagt að gömlum hundi yrði ekki kennt að sitja. Hingað til hafa þingmenn hugsað flestar sínar gjörðir í kjörtímabilum. Áhugavert verður að sjá hvort námskeiðið færi þá í núið og hvort merkjanleg áhrif muni sjást í lagasetningu. Sérstaklega spennandi verður að sjá hvernig íhaldssömustu þingmennirnir koma til með að bregðast við nýjum hugsunarhætti.**
**joli@frettabladid.is**

# Mikilvægasta auðlind þjóðarinnar



**Lilja Alfreðsdóttir**
mennta- og menningarmálaráðherra

Öflugt menntakerfi er ein af undirstöðum kraftmikils og fjölbreytts efnahagslífs og stöðugleika. Sýnt er að menntun og rannsóknir styðja við lýðræði, gagnrýna og skapandi hugsun, sjálfbærni og þar með velferð. Háskólastigið gegnir lykilhlutverki í að efla rannsóknir og þróun í góðu samstarfi við atvinnulífið. Rannsóknir sýna að ein króna sem fjárfest er í háskólastiginu skilar sér áttfalt til baka. Starfsemi íslenskra háskóla hefur eflst á undanförnum árum, með auknu framboði náms á öllum stigum, aukinni rannsóknarstarfsemi og virku erlendu samstarfi. Auk kennslu og rannsókna innan skólanna styðja þeir við þekkingarstarfsemi af ýmsu tagi, tryggja menntun fagfólks fyrir íslenskt atvinnulíf, styðja við menningu og listir og stuðla að upplýstri samfélagsumræðu og nýsköpun.

Undanfarin ár hafa framlög til háskólastigsins verið aukin töluvert. Framlögin jukust til að mynda um 4,6% milli áranna 2017 og 2018. Nú þegar ríkisfjármálaáætlun fyrir árin 2019-2023 liggur fyrir má sjá að fjárveitingar til háskólastigsins munu halda áfram að aukast. Heildarfjárheimildir til háskólastigsins hafa vaxið úr rúmlega 42,3 milljörðum kr. árið 2017 í 44,2 milljarða kr. á þessu ári. Áætlað er að fjárheimildirnar verði 47,2 milljarðar kr. árið 2023, það er vöxtur upp á tæp 12% á tímabilinu.

Markmiðið með þessum auknu fjármunum er m.a. að við færumst nær fjármögnun háskóla í nágrannalöndunum. Innan skólanna fer hluti þessa fjár í að efla rannsóknir og þróun. Öflugt rannsóknarstarf er lykilþáttur í þekkingarsköpun í nútímasamfélagi; með því að ýta undir tengsl rannsókna í háskólum við nýsköpunarstarf og atvinnulíf má auka efnahagsleg áhrif háskólastarfs. Hvetjandi námsumhverfi og fjölbreyttir valkostir í starfs- og verknámi eru einnig mikilvægir. Annað brýnt verkefni sem íslenskt menntakerfi stendur frammi fyrir nú er að endurskoða og efla kennaramenntun. Öflugt kennaranám í takt við þarfir samfélagsins stuðlar að þróun á öllum skólastigum en tryggja þarf að fjármagn sé til staðar til þess að hægt sé að snúa þar vörn í sókn. Það eru sannarlega spennandi tímar fram undan í náms- og starfsþróun kennara, því þeir eru fólkið sem mun móta framtíð okkar.

**Annað brýnt verkefni sem íslenskt menntakerfi stendur frammi fyrir nú er að endurskoða og efla kennaramenntun.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Lýðræði, Evrópa og ríkidæmi

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Menn greinir á um Evrópusambandið innan lands og utan. Það er eðlilegt þar eð sambandið er öðrum þræði pólitískt í eðli sínu, samband um frið í álfunni og virðingu fyrir lýðræði og mannréttindum. Ágreiningur um stjórnmál liggur í hlutarins eðli.

Menn getur einnig greint á um efnahagshluta reynslunnar af ESB þar eð hagrænar vísbendingar um málið eru margslungnar. Sumir benda á að viðskipti innan ESB hafa glæðzt til muna til hagsbóta fyrir aðildarríkin eins og að var stefnt. Aðrir benda á að sameiginleg mynt 19 aðildarlanda af 28, evran, hefur sums staðar valdið vandræðum með því að svipta einstök evrulönd getunni til að fella gengi eigin gjaldmiðla með gamla laginu. Þeir segja: Sama gengi hentar ekki öllum.

Enn aðrir segja: Sama örlæti gagnvart erlendum flóttamönnum og öðrum innflytjendum hentar ekki heldur öllum. Svíar sem telja 2% af mannfjölda ESB tóku á móti 160.000 flóttamönnum 2015. Ef öll aðildarlönd ESB hefðu tekið við sama fjölda flóttamanna í hlutfalli við mannfjölda hefði ESB tekið við átta milljónum flóttamanna á einu ári. Til viðmiðunar telja Svisslendingar röskar átta milljónir. Hvert ESB-land ræður því sjálft hversu mörgum innflytjendum það tekur við frá löndum utan ESB. Hvert ESB-land ræður því þó ekki hversu mörgum það tekur við frá öðrum ESB-löndum.

**Eigin forsendur**

Svíþjóð og Sviss, vel á minnzt. Byrjum á Svíum. Svíþjóð og Finnland eru náskyld lönd og nauðalík að flestu öðru leyti en því að Finnar tóku upp evruna um leið og færi gafst 1999 en Svíar ekki. Samt hefur efnahagsþróun beggja landa æ síðan verið áþekk í grófum dráttum. Svíar hafa haldið lítils háttar forskoti sínu á Finna mælt í þjóðartekjum á mann.

Sama máli gegnir um Sviss og Austurríki. Austurríkismenn tóku upp evruna 1999 en Svisslendingar ekki. Svisslendingar eru jafnvel ekki aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) hvað þá að ESB eða evrunni. Eigi að síður hefur efnahagsþróun beggja landa verið áþekk frá aldamótum. Svisslendingar hafa haldið forskoti sínu á Austurríkismenn mælt í þjóðartekjum á mann. Sviss hefur lengið verið meðal allra ríkustu landa heims mælt í tekjum og eignum á mann.

Af báðum þessum dæmum virðist mega ráða að aðild að ESB og evrusamstarfinu skiptir ekki öllu máli fyrir afkomu þjóða sé vel á málum haldið heima fyrir. Líku máli gegnir um Kanada og Bandaríkin. Efnahagur beggja landa hefur þróazt með áþekkum hætti undangenginn mannsaldur. Þetta er öðrum þræði hugsunin á bak við Brexit eða a.m.k. hugsun þeirra sem standa nú frammi fyrir útgöngu Breta úr ESB að ári. Hví skyldi Bretlandi ekki geta vegnað vel utan ESB á eigin forsendum líkt og Sviss og Kanada? Á móti kemur aðhald og hópefli sem ESB-aðild felur í sér. Hvort vegur þyngra er álitamál.

**Sviss í hjarta Evrópu**

Sviss er kapítuli út af fyrir sig. Landið er hlutlaust, stóð utan beggja heimsstyrjalda og gerðist ekki aðili að Sameinuðu þjóðunum fyrr en 2002. Landið stendur einnig utan efnahagsbandalaga að öðru leyti en því að Sviss er ásamt Íslandi, Noregi og Liechtenstein aðili að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA). Sviss er einnig aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO) sem hefur það hlutverk að örva millilandaviðskipti. Svisslendingar hafa samið sérstaklega við ESB um viðskipti, umferð o.fl. enda er landið umlukið evrulöndum. Enginn sem fer um svæðið rekur sig á nokkurn mun sem máli skiptir að öðru leyti en því að Svisslendingar nota franka frekar en evrur. Sviss er Evrópuland.

**Meira lýðræði, minni spilling**

Svisslendingar hafa einnig markað sér sérstöðu með beinu lýðræði við hlið fulltrúalýðræðis. Þeir ganga til þjóðaratkvæðis um stór mál og smá u.þ.b. fjórum sinnum á ári að jafnaði. Kjörnum fulltrúum stjórnmálaflokka á þingi eru því falin færri verkefni en ella væri. Stjórnmálamenn og flokkar eru eftir því minni fyrirferðar en annars staðar í álfunni.

Hér kann að liggja hluti skýringarinnar á því hvers vegna spilling mælist mun minni í Sviss en í nálægum löndum. Í heimskönnun Gallups 2012 kom fram að 23% Svisslendinga töldu spillingu vera umtalsvert vandamál heima fyrir á móti 54% í Frakklandi, 58% í Þýzkalandi, 67% í Austurríki og 86% á Ítalíu. Transparency International tekur í sama streng og skipar Sviss í þriðja sæti listans yfir óspilltustu ríki heims 2017; aðeins Nýja-Sjáland og Danmörk fá hærri einkunn. Sviss stendur jafnfætis Finnlandi og Noregi á listanum og miklu framar en Frakkland, Þýzkaland, Austurríki og Ítalía.

**Reynsla Svisslendinga virðist vitna um að lýðræði aftrar spillingu. Í þessu ljósi þarf að skoða ákvæði nýju stjórnarskrárinnar um beint lýðræði með auknu vægi þjóðaratkvæðagreiðslna hér heima og andstöðu margra stjórnmálamanna við að staðfesta stjórnarskrána sem 67% kjósenda lýstu sig samþykka í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012.**



**Hingað heim**

Reynsla Svisslendinga virðist vitna um að lýðræði aftrar spillingu. Í þessu ljósi þarf að skoða ákvæði nýju stjórnarskrárinnar um beint lýðræði með auknu vægi þjóðaratkvæðagreiðslna hér heima og andstöðu margra stjórnmálamanna við að staðfesta stjórnarskrána sem 67% kjósenda lýstu sig samþykka í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012. Nýju stjórnarskránni er beinlínis ætlað að minnka vægi stjórnmálamanna og flokka og draga m.a. þannig úr spillingu að svissneskri fyrirmynd.

Byggingarréttur til sölu



Lambhagavegur 8 og 10

Reykjavíkurborg óskar eftir kauptilboðum í tvær atvinnulóðir að Lambhagavegi 8 og Lambhagavegi 10.

Boðið skal í byggingarrétt án gatnagerðargjalda að Lambhagavegi 8, samtals 3.391 fermetra og/eða byggingarrétt án gatnagerðargjalda, að Lambhagavegi 10, samtals 3.115 fermetra. Skilafrestur tilboða til þjónustuvers Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, er til kl. 14:00 þann 13. apríl 2018.




Nánari upplýsingar má finna á **reykjavik.is/lodir**

# Loforð og lúxusíbúðir



**Eyþór Arnalds**
skipar 1. sæti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

**Það er morgunljóst að það þarf að breyta um stefnu í vor. Við viljum leyfa íbúðabyggð á hagstæðari stöðum en nú er gert.**

Fyrir fjórum árum var flestum ljóst að húsnæðisskortur væri í uppsiglingu. Flest sveitarfélög fóru í aðgerðir til að bregðast við vandanum með því að tryggja nægt lóðaframboð. Núverandi borgarstjóri lofaði miklu eða um 3.000 leiguíbúðum til viðbótar við íbúðir á almennum markaði. Fjórum árum síðar bólar lítið á efndum, enda var heildarfjöldi allra byggðra íbúða á síðasta ári aðeins 322 íbúðir sem er langt undir öllum markmiðum borgarinnar sjálfrar.

En hvaða áhrif hefur þetta sleifarlag haft? Þegar fasteignaverð er skoðað sést að verðið hefur hækkað um 50-60% á aðeins fjórum árum. Þessi mikla hækkun bitnar mest á þeim sem eru að reyna að kaupa sér sína fyrstu íbúð. Jafnframt lendir þessi mikla verðhækkun á þeim sem ekki eiga eign og þurfa að reiða sig á leigumarkaðinn.

En hvernig íbúðir hafa verið byggðar? Þegar fasteignaauglýsingarnar eru skoðaðar er algengt að sjá íbúðum lýst sem „lúxusíbúðum“. Eða jafnvel „luxury apartments“. Þetta á við um lóðir sem borgin sjálf hefur úthlutað á kjörtímabilinu. Þetta eru íbúðir með allra hæsta fasteignaverðið og gagnast því fáum.

Af hverju er þetta svona dýrt? Stærsta ástæða hækkandi verðs er skortur á eignum, en fleira kemur til. Reykjavíkurborg innheimtir gatnagerðargjald til að standa straum af kostnaði. Ofan á það er síðan lagt byggingarréttargjald sem er orðið gríðarlega hátt í Reykjavík. Í sumum tilfellum er lagt á „innviðagjald“ sem hækkar grunnkostnaðinn enn frekar. Þá verða margir fyrir áralöngum töfum þrátt fyrir að hafa fjárfest í byggingarlóð og lendir fjármagnskostnaðurinn á lóðarhafanum. Allur þessi viðbótarkostnaður lendir á endanum á íbúðarkaupandanum og því taka margir til þess ráðs að gera út á „lúxusmarkaðinn“. Vandinn er sá að fáir hafa efni á svona dýrum íbúðum og því flytja mjög margir burt í önnur sveitarfélög.

**Breytum þessu**

Loforðin ein duga skammt. Efndirnar skipta öllu máli. Sú stefna sem hefur verið rekin síðustu fjögur ár hefur leitt af sér fækkun íbúa á miðsvæði Reykjavíkur og fólksflótta yfir í önnur sveitarfélög. Þeir sem flytja burt þvert á vilja sinn þurfa síðan að aka lengri vegalengdir sem aftur eykur á umferðarþungann. Það er morgunljóst að það þarf að breyta um stefnu í vor. Við viljum leyfa íbúðabyggð á hagstæðari stöðum en nú er gert. Þar koma Keldur og uppbygging í Vesturbænum við Grandann í Örfirisey sterklega inn. Leggja áherslu á minni einingar fyrir þá sem vilja, en jafnframt leyfa á ný að byggja sérbýli í Reykjavík. Hætta að reyna að stýra fólki um of og veita íbúum valfrelsi um búsetu. Þannig breytum við borginni til hins betra.

# Sjúkratryggingar Íslands – Hvítbók



**Steingrímur Ari Arason**
forstjóri Sjúkratrygginga Íslands

Í lok febrúar gaf Ríkisendurskoðun út skýrslu sem bar heitið „Sjúkratryggingar Íslands sem kaupandi heilbrigðisþjónustu“. Flestir hafa fagnað útkomu skýrslunnar þó að sumir séu ósammála ábendingunum sem þar er að finna.

**Ábendingar Ríkisendurskoðunar**

Ríkisendurskoðun beinir því til velferðarráðuneytisins að marka þurfi heildstæða stefnu sem Sjúkratryggingar Íslands geti byggt á við samninga um kaup á heilbrigðisþjónustu. Einnig að styðja þurfi við stofnunina sem faglegan samningsaðila kaupanda þjónustunnar. Ábendingarnar til SÍ eru að styrkja þurfi innviði stofnunarinnar til að greina þarfir landsmanna fyrir heilbrigðisþjónustu, auka gæðakröfur í samningum og markviss kaup á heilbrigðisþjónustu. Síðast en ekki síst telur Ríkisendurskoðun brýnt að SÍ þrói áfram gerðan samning um þjónustu Landspítalans.

**Vegvísir**

Skýrslan er „hvítbók“ í þeim skilningi að þar er að finna fínar ábendingar byggðar á ítarlegri yfirferð fyrir áframhaldandi umbótastarf. Í skýrslunni er horft til þess sem betur má fara og alls þess sem er ógert. Hún er vegvísir inn í framtíðina. Þrátt fyrir þann árangur sem náðst hefur við erfiðar aðstæður eftir efnahagshrunið eru stór og aðkallandi verkefni fram undan.

Forsenda góðrar þjónustu og árangurs í rekstri er að þjónustan sé vel skilgreind út frá hagsmunum hinna sjúkratryggðu og þar með tryggt að á grundvelli gagnreyndrar læknisfræði hafi þeir greiðan aðgang að samfelldri og áreiðanlegri heilbrigðisþjónustu. Óháð rekstrarformi og óháð því hvort verið er að ræða heilsugæslu, sjúkraþjálfun, þjónustu sjálfstætt starfandi sérgreinalækna eða Landspítalans þarf fjármagn að fylgja sjúklingum og greiðslur ríkisins til veitenda heilbrigðisþjónustu að vera í samræmi við þörf og umfang þjónustunnar.

**Hvítt verður svart**

Þegar fram koma ábendingar og hvatning til stjórnvalda frá Ríkisendurskoðun að efla og styrkja Sjúkratryggingar Íslands sem kaupanda heilbrigðisþjónustu vekur undrun að fram skuli stíga menn sem segja að skýrslan sé svört og óþægileg. Jafnframt að alþingismaður sem starfað hefur innan heilbrigðiskerfisins skuli láta tilfinningarnar hlaupa með sig í gönur með gífuryrðum og ómálefnalegum fullyrðingum. Hann málar heiminn ekki aðeins svart-hvítan heldur snýr öllu á hvolf – hvítt verður svart.

Í tveimur blaðagreinum um SÍ og skýrslu Ríkisendurskoðunar er skotið í allar áttar af lítilli yfirvegun. Að „semja um heilbrigðisþjónustu“ er kallað að „véla með heilbrigðisþjónustu“ og það sagt mikið álitamál hvort sú stefnumörkun „að fé fylgi sjúklingi“ sé ekki „uppfull af misskilningi“ – byggð á því sjónarmiði að heilbrigðisþjónustan sé eins og hver önnur „hilluvara“. Og þegar geðshræringin nær hæstu hæðum eru Sjúkratryggingar Íslands kallaðar „spunaverk“ og „spilaborg“. Hvorki er fjallað um mikilvægi þess að hafa hagsmuni sjúkratryggðra að leiðarljósi né að þjónustan sé skilgreind með heildstæðum hætti út frá þörfum og vel skilgreindum réttindum sjúklinganna. Þess í stað óttast höfundurinn að með einfölduðum verkgreiðslum hlaupi heilbrigðisstarfsfólki „kapp í kinn“ með hættu á auknum kostnaði samfara auknum afköstum.

**Sjúklingurinn í forgrunni**

Aukin og bætt þjónusta sjálfstætt starfandi sérgreinalækna er gerð tortryggileg þar sem kostnaður vegna hennar hefur vaxið mikið á undanförnum árum, en í skýrslu Ríkisendurskoðunar má sjá að lækniskostnaður sjúkratrygginganna hefur vaxið úr 6,1 ma.kr. árið 2012 í 9,8 ma.kr. árið 2016. Í stað þess að horfa til hagsmuna og þarfa sjúklinganna er horft til annarra þjónustuveitenda og þá fyrst og fremst til kostnaðar við rekstur opinberra stofnana, sem á sama tíma eru sagðar hafa verið „sveltar“, „rúnar fé, fagfólki og framtíðarsýn“. Í stað þess að fagna því sem vel hefur tekist er þjónusta sérgreinalækna gerð tortryggileg. Í stað þess að styðja það að opinber stofnanirnar verði leystar undan „föstu fjárlögunum“ og sjúklingarnir settir í öndvegi fær neikvæðnin að ráða för.

Mikilvægt er að halda til haga því sem vel hefur reynst og innleiða það fyrirkomulag að „fé fylgi sjúklingi“ þegar kemur að þjónustu opinberu heilbrigðisstofnananna. Því má heldur ekki gleyma að hugmyndafræðin að baki nýjum lögum um opinber fjármál styður þessa umbreytingu. Fjárheimildir í fjárlögum eiga ekki og eru ekki lengur ákveðnar með tilliti til stofnana eða einstakra rekstraraðila. Þær eru ákveðnar með tilliti til viðfangsefna og stjórnvöldum þannig gert kleift að færa heimildir á milli rekstraraðila innan fjárlagaársins í samræmi við þörf og umfang veittrar þjónustu.

ÍSLENSKI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

## Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins

Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins verður haldinn föstudaginn 27. apríl 2018 kl. 17.00 í Landsbankanum, Austurstræti 11.

**Allir sjóðfélagar og rétthafar eiga rétt til setu á ársfundinum.**

**Dagskrá fundarins er samkvæmt samþykktum sjóðsins.**

Tillögur um breytingar á samþykktum þurfa að berast stjórn með skriflegum hætti tveimur vikum fyrir ársfund. Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn með skriflegum hætti viku fyrir ársfund. Framboðum aðalmanna til stjórnar skal skila inn til stjórnar viku fyrir ársfund. Tillögur og framboð skulu berast til stjórnar Íslenska lífeyrissjóðsins, Austurstræti 11, 101 Reykjavík. Tillögur að breytingum á samþykktum og framboð til stjórnar verða birt á vefsvæði sjóðsins, islenskilif.is.

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins hvetur sjóðfélaga til þess að mæta. Allar nánari upplýsingar má nálgast á vefsvæði sjóðsins, islenskilif.is eða hjá Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans í síma 410 4040.

# Krónískur vandi leikskóla





**Anna Gréta Guðmundsdóttir**
aðstoðarleikskólastjóri

**Soffía Þorsteinsdóttir**
leikskólastjóri

**Við erum ekki sammála Sæunni í því að ekki taki því að byggja fleiri leikskóla þar sem vandi þeirra sé svo mikill. Við teljum öðru nær að um leið og við byggjum fleiri leikskóla getum við fækkað börnum á öðrum leikskólum, minnkað barnahópa og aukið þannig rými.**

Sæunn Kjartansdóttir sálgreinir skrifar pistil í Fréttablaðið 19. mars síðastliðinn þar sem hún setur fram efasemdir um menntunargildi leikskóla fyrir börn yngri en tveggja ára. Jafnframt staðhæfir hún að leikskólar glími við króníska skort á hæfu starfsfólki og að sumir vilji byggja fleiri slíka leikskóla með þetta króníska vandamál innanborðs.

Á hverju ári eru gerðar viðhorfskannanir meðal foreldra allra leikskólabarna í Reykjavík. Í þessum könnunum hefur yfirleitt komið fram að foreldrar eru 98 til 100% ánægðir með leikskóla barna sinna. Ólíklegt er að leikskólarnir komi svo vel út úr könnunum ef skortur er á hæfu starfsfólki. Teljum við að flest starfsfólk leikskólanna sé að vinna afbragðs starf miðað við efni og aðstæður.

Umfjöllun Sæunnar um menntunarhlutverk leikskóla byggir á afar þröngri hugmynd um hvað felst í menntun ungra barna. Við höfum áhuga á að bjóða Sæunni í heimsókn í okkar leikskóla til að sýna henni hvernig við vinnum með yngstu börnin. Hvernig við eflum og örvum forvitni barna og rannsóknarþörf í bland við umhyggju, virðingu og traust.

Ekki viljum við gera lítið úr umfjöllun Sæunnar um mikilvægi fyrstu áranna og byggingarefni sjálfsins en tillögur Sæunnar um að borga foreldrum fyrir að vera heima með barninu fyrstu árin finnast okkur vera frekar fornfálegar og afturhvarf til fortíðar. Börn á þessum aldri eru að læra á heiminn í gegnum leik og samvistir við jafnaldra og því mikilvægt að þau fái bestu örvun sem kostur er á. Við erum líka hissa á sálgreini að tala til foreldra þannig að þeir fái enn meira samviskubit en þörf er á þegar hún nefnir slæman kost dagforeldra og leikskóla. Teljum við að flestir leikskólar og dagforeldrar séu að gera sitt allra besta. Við erum öll sammála því að foreldraorlof þurfi að lengja og brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla eða ungbarnadeilda sem nú eru á döfinni í Reykjavík.

Ef við ætlum að hætta að byggja leikskóla erum við ekki að horfa til framtíðar eins og Loris Malaguzzi, sálfræðingur og borgarstjóri í borginni Reggio Emilia á Ítalíu, gerði eftir seinni heimsstyrjöldina. Til að breyta heiminum til hins betra þarf að byrja á börnunum, sagði Malaguzzi. Hann byggði barnaheimili á rústum í stað þess að byrja á að reisa brýr og leggja vegi. Ef við hefðum farið að ráðum Malaguzzi fyrir 20 árum værum við betur sett í dag með yngstu börnin og foreldra þeirra. En borgin er að taka við sér og nú stendur til að byggja fjóra til fimm nýja leikskóla á næstu fimm árum sem er mjög gleðilegt.

Börnin okkar eiga það besta skilið: fallegt, bjart og rúmgott húsnæði með góða hljóðvist, þar sem þau geta leikið og rannsakað með jafnöldrum sínum í ró og næði. Við erum ekki sammála Sæunni í því að ekki taki því að byggja fleiri leikskóla þar sem vandi þeirra sé svo mikill. Við teljum öðru nær að um leið og við byggjum fleiri leikskóla getum við fækkað börnum á öðrum leikskólum, minnkað barnahópa og aukið þannig rými. Um leið og rýmið eykst fer betur um börn og starfsfólk og þá er líklegra að starfsmenn ílengist í starfi sem er í hag allra í samfélaginu. Bættar starfsaðstæður fyrir börn og starfsfólk, nýir og rúmbetri leikskólar virka hvetjandi á þá sem eru að hugsa sér að læra fagið. Við teljum að krónískur vandi leikskóla, sé hann þá til staðar, sé helst virðingarleysi annarra fyrir starfi þeirra.

# Látum ekki hafa okkur að fíflum



**Jón Hjaltason**
sagnfræðingur

Mér er stórlega misboðið. Íslenskir stjórnmálamenn hafa leitt íslensku þjóðina út í heimskulegt viðskiptastríð við rússnesku þjóðina og nú á að taka næsta skref. Og hver veit hvar þetta endar?

Og hvers vegna stöndum við í þessum stórræðum? Jú, fyrir orð breskra ráðamanna. Reynt var að myrða Sergei Skripal á breskri grund en forðum lék hann tveimur skjöldum í heimalandi sínu Rússlandi þar sem hann njósnaði fyrir Breta.

Og nú hefur alþjóðasamfélagið dæmt Vladimir Putin og Rússland sek um verknaðinn. Rökin eru eftirfarandi: Notað var eiturgas sem Sovétríkin og síðar Rússland fundu upp, þróuðu og framleiddu á áttunda og níunda áratugi seinustu aldar.

Punktur. Búið.

Með öðrum orðum, alþjóðasamfélagið starfar með sama hætti og dómstóll götunnar.

Og við ætlum að taka þátt í þessum dómstóli, segir áfjáð ríkisstjórn Íslands, sekt Putins og Rússlands er augljós. Umrætt eiturgas, Novichok, er þannig vaxið að enginn getur framleitt það nema Rússar. Því eru þeir sekir um morðtilræði við rússneskan eftirlaunaþega sem þeir sumarið 2010 gáfu upp á bátinn í fangaskiptum. Þeir sýndu að vísu þá óvarkárni að nota gastegund úr Novichok framleiðslulínunni en héldu að enginn gæti rakið uppruna þess – sem tók Breta þó ekki eitt augnablik. Þannig skildi Putin ekki aðeins nafnskírteinið sitt eftir á staðnum heldur seðlaveskið allt, að vísu óvart.

Annað sem klikkaði hjá Rússum var að tilræðið tókst ekki eins og til stóð. Þó er Novichok að sögn þeirra sem vit hafa á svo bráðdrepandi taugagas að annað eins hefur aldrei þekkst á jörðu hér. Kveikir þetta engar vangaveltur um hvar eitrið varð til sem átti að bana Skripal?

**Minnumst lyginnar sem fékk okkur til að fara í stríð gegn Írökum. Minnumst þess líka að Bretar lugu því að þjóðum heims að Íslendingar væru terroristar.**

Til að kóróna þetta himinhrópandi ósamræmi er því haldið fram að Putin hafi óttast slælega kosningaþátttöku heima fyrir og því gripið til þess ráðs að myrða mann í Bretlandi. Lífgum óvininn og sameinum þjóðina sem mun í kjölfarið flykkjast á kjörstað, á hann að hafa hugsað. Og þetta segjum við um manninn sem með lævísum brögðum í netheimum réð úrslitum um kjör Trumps – að sögn.

Nú er mál að linni gönuhlaupi þjóðanna, líka okkar Íslendinga. Minnumst lyginnar sem fékk okkur til að fara í stríð gegn Írökum. Minnumst þess líka að Bretar lugu því að þjóðum heims að Íslendingar væru terroristar. Lærum nú af sögunni. Heimtum beinharðar sannanir fyrir sekt Rússa áður en lengra er haldið. Látum ekki lengur hafa okkur að fíflum.

# Vonbrigði stúdenta



**Logi Einarsson**
formaður Samfylkingarinnar

**Hækka þarf reiknaða framfærslu þannig að hún taki mið af raunverulegum aðstæðum stúdenta.**

Úthlutunarreglur LÍN 2018-2019 hafa verið kynntar og enn sitja stúdentar eftir með sárt ennið. Raunin er sú að þörfum stúdenta hefur ekki verið sinnt síðastliðin ár og þeir þurft að sætta sig við skertan hlut – en ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur boðar enga breytingu á því ástandi.

Að okkar mati, og að mati talsmanna stúdenta, eru úthlutunarreglurnar ekki sú kjarabót sem stúdentar þarfnast og hafa kallað eftir. Hækkun á reiknaðri framfærslu er minniháttar. Hún er enn þá töluvert undir 200.000 krónum og rúmlega 100.000 krónum lægri en lágmarkslaun. Reynt er að réttlæta þennan mikla mismun með vísan til þess að leiga á stúdentaíbúðum er lægri en á almennum markaði en það gengur illa upp vegna þess að aðeins brot af nemendum fær úthlutað íbúð. Frítekjumarkið var heldur ekki hækkað og hefur verið óbreytt síðan 2014 – en laun hafa á sama tíma hækkað um 32%.

**Vanlíðan stúdenta**

Vonbrigði stúdenta við þessum fréttum voru bæði augljós og eðlileg, enda eiga þeir margir erfitt með að ná endum saman. Þeir sem ekki geta fengið aðstoð frá foreldrum reyna oft að vinna með skóla en lenda þá í vítahring þar sem námslán þeirra skerðast fljótt vegna lágra frítekjumarka. Á sama tíma líður unga háskólafólkinu okkar ekki vel – en stór hluti háskólanema mælist með kvíða- og þunglyndisvandamál.

Nám er fjárfesting fyrir þjóðfélagið í heild og mikilvægt að allir sem vilja geti menntað sig. Í þessari efnahagslegu uppsveiflu væri ráð að fjárfesta almennilega í menntun, endurskoða LÍN og stórbæta kjör námsmanna.

**Bætum kjörin**

Hækka þarf reiknaða framfærslu þannig að hún taki mið af raunverulegum aðstæðum stúdenta. Það verður auk þess að hækka frítekjumarkið, efla dreifbýlisstyrki, hækka ferðastyrki, efla og nútímavæða þjónustu. Einnig þyrfti að taka upp samtímagreiðslur námslána svo að unga fólkið okkar þurfi ekki að setja sig í skuld við banka í stórum stíl. Þá ættum við að færa okkur í áttina að námsstyrkjakerfi líkt og annars staðar á Norðurlöndunum. Þessu höfum við í Samfylkingunni kallað eftir.

Við fögnum því að að flóttafólk öðlist rétt á námslánum. Það sem skiptir þó höfuðmáli er að raunhæft verði að lifa á námslánum.

Við þurfum almennilega framtíðarsýn í menntamálum á Íslandi til að vaxa og dafna og til að takast á við þær hröðu breytingar sem eru fram undan. LÍN spilar þar stórt hlutverk og tími til kominn að endurskoða og nútímavæða sjóðinn og gæta þess að hann sinni raunverulega hlutverki sínu sem jöfnunartæki.

# Að fylgja markaðri stefnu eftir



**Ragnar Sverrisson**
kaupmaður

Stundum sækir á mig sú hugsun að litlum tilgangi þjóni að kjósa fólk til setu í bæjarstjórn eins og á Akureyri. Vissulega er það allt mesta sómafólk sem að lokum er kosið og vill áreiðanlega gera bænum sínum allt það gagn sem það megnar. Reynsla mín hefur þó kennt mér að enda þótt þetta góða fólk leggi oft fram ágæta vinnu við að móta stefnu í einstökum málaflokkum eigi það undir högg að sækja þegar kemur að því að framkvæma það sem búið er að ákveða og afgreiða formlega.

Gott dæmi er þriggja ára samþykkt aðalskipulags miðbæjar Akureyrar sem treglega gengur að koma til framkvæmda. Ein ástæða þess er að embættismenn í bæjarkerfinu eru ekki sammála einstaka niðurstöðum bæjarstjórnar varðandi þetta skipulag. Hafa þeir þá ýmist lagt steina í götu þess sem þeim hefur verið falið vinna að (sbr. Braunsverslunarmálið) eða tafið og talað opinberlega gegn ákveðnum lausnum í skipulaginu sem bæjarstjórn hefur þegar tekið ákvörðun um hvernig skuli útfærðar (sbr. vistvæna Glerárgötu og hönnun umferðarmiðstöðvar). Við þessar aðstæður hafa bæjarfulltrúar og meirihlutinn gefið sig aðgerðarleysinu á vald og kinoka sér við að fylgja eftir mótaðri stefnu. Því hef ég áhyggjur af raunverulegri valdastöðu bæjarfulltrúa þegar kemur til kastanna.

Þetta sérkennilega ástand endurspeglaðist mjög vel á opinberum fundi nýlega um skipulagsmál miðbæjarins þar sem núverandi skipulagsstjóri bæjarins hældi sér af því að hafa stöðvað undirbúning framkvæmda í samræmi við gildandi skipulag um vistvæna Glerárgötu. Lýsti því jafnframt yfir að hann hafi aldrei á löngum ferli kynnst annarri eins samstöðu í nokkurri bæjarstjórn eins og þeirri akureyrsku. Fyrir mér er þetta giska góð lýsing á því ástandi sem nú ríkir og birtist í samstöðu um algjört aðgerðarleysi bæjarins að framkvæma það sem þegar hefur verið ákveðið að gera varðandi uppbyggingu miðbæjarins. Þegar aldraður fyrrverandi þingmaður tók síðan undir þetta háttalag með nokkrum fögnuði varð mér endanlega ljóst valdaafsal kjörinna bæjarfulltrúa í þessum mikilvæga málaflokki.

**Þegar aldraður fyrrverandi þingmaður tók síðan undir þetta háttalag með nokkrum fögnuði varð mér endanlega ljóst valdaafsal kjörinna bæjarfulltrúa í þessum mikilvæga málaflokki.**

Við bætist að í slíku hringlandaumhverfi sjá frambjóðendur flokka sér hag í því að gera einstakar útfærslur aðalskipulagsins að kosningamáli, sér og sínum flokki til framdráttar og raska með því þeirri heildarsýn sem víðtæk eining náðist um í bæjarstjórn við afgreiðslu aðalskipulagsins árið 2014 eftir tíu ára samfellt starf.

Þetta greinarkorn er hvatning til þeirra, sem gefa kost á sér við næstu bæjarstjórnarkosningar á Akureyri, að kynna sér vel grundvöll núgildandi aðalskipulags miðbæjarins og alla þá vinnu og fjármuni sem í það var lögð á sínum tíma. Þá aukast líkur á að þeir muni sjá til þess að þær góðu ákvarðanir sem þar voru teknar verði látnar verða að veruleika til hagsældar fyrir bæinn og bæjarbúa. Sú deyfð sem heltekið hefur bæjaryfirvöld að framfylgja gildandi skipulagi hefur vakið upp þá hugmynd að nauðsynlegt gæti verið að stofna hollvinafélag miðbæjarins til að þrýsta á bæjaryfirvöld að koma sér að verki í þessum efnum.

Auk þess legg ég til að ákveðið verði að hefja undirbúning að hönnun og byggingu bílastæðahúss sunnan íþróttavallarins, milli Hólabrautar og Brekkugötu.

# Fleira listafólk í kennslu



**Kristín Valsdóttir**
deildarforseti listkennsludeildar LHÍ

Á undanförnum misserum og mánuðum hefur verið mikil umræða um samsetningu og nýliðun í kennarastéttinni á Íslandi. Aðsókn í kennaranám hefur dalað frá árinu 2011 þegar gerð var lagakrafa um meistaranám kennara og skólastjórnenda. Nýnemum í kennaranámi í HÍ og HA fækkaði úr 440 árið 2009 í 175 árið 2016 eða um 60%. Ástæðurnar eru sennilega margar. Lenging námsins án tilsvarandi launahækkana, breytt eða aukið álag í starfi hefur oft verið nefnt. Að mínu mati hefur inntak og skipulag námsins líka haft mikið að segja.

**Jöfn aðsókn í listkennsludeild**

Þrátt fyrir dalandi aðsókn í kennaranám almennt hefur aðsókn í listkennsludeild Listaháskóla Íslands verið nokkuð jöfn frá því nýju lögin tóku gildi. Deildin var stofnuð árið 2009 og hafa um tuttugu listkennarar útskrifast árlega. Þaðan hafa því komið rúmlega 200 listgreinakennarar í heildina. Það er næstum sami fjöldi og hóf námið þar sem brottfall úr náminu er nær ekkert. Listkennsludeild útskrifar kennara með bakgrunn úr öllum listgreinum sem bætt hafa við sig meistaragráðu í menntunarfræðum. Þau hafa réttindi til að kenna í grunnskóla og sína sérgrein í framhaldsskóla.

**Hinir skapandi Íslendingar**

Í nýlega birtri rannsókn sem Barbara Kerr, prófessor í sálfræði við Háskólann í Kansas, stýrði hér á landi kom fram að Íslendingar séu almennt óvenju skapandi. Ein af meginástæðum þess er talin áhersla okkar á nýsköpunar-, list- og verkgreinakennslu í grunnnámi barna.

Samkvæmt úttekt sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gerði og birti fyrir ári kom hins vegar í ljós að verulegur misbrestur er á því að nemendur fái lögbundinn kennslustundafjölda í list- og verkgreinum.

**Listafólk er þjálfað í gagnrýnum, sjálfstæðum vinnubrögðum, skapandi lausnaleit og hefur færni til að bregða óvæntu sjónarhorni á viðburði líðandi stundar.**

Sumir hafa bent á skort á list- og verkgreinakennurum og kann það að vera hluti ástæðunnar. Miðað við útskriftatölur úr listkennsludeild dreg ég þó í efa að það sé eina ástæðan.

**Hin óráðna framtíð**

Gera má ráð fyrir að minnst 60% af því sem unglingur í dag kemur til með að nota sér á lífsleiðinni hafi ekki enn þá verið uppgötvað. Í grunnþáttum menntastefnunnar er einnig áhersla á að mennta gagnrýna, virka og hæfa nemendur til þátttöku í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Þess vegna er brýn þörf fyrir hugmyndaríka kennara með ólík áhugasvið og áherslur.

Listafólk er þjálfað í gagnrýnum, sjálfstæðum vinnubrögðum, skapandi lausnaleit og hefur færni til að bregða óvæntu sjónarhorni á viðburði líðandi stundar. Þau finnst mér vera ómissandi afl inn í flóru komandi kennarastéttar sem menntar börnin okkar til að takast á við síbreytilegan heim. Menntum því fleiri list- og verkgreinakennara og listamenn til kennslu.

# GLÆSILEGUR KAUPAUKI Í APRÍL:

Unibinder 60 vélin fylgir hverjum keyptum pakka af innbindikápum í apríl.

Gildir á meðan birgðir endast.



Teamspirit 1, skrifborðsstóll
Tilboðsverð 35.990 kr.
Verð áður 49.900 kr.



Jam Transit Lite, heyrnartól
Tilboðsverð 6.399 kr.
Verð áður 7.990 kr.




Jam Bluetooth hátalari
Tilboðsverð 12.792 kr.
Verð áður 15.990 kr.




KAUPAUKI AÐ VERÐMÆTI 19.990 KR.

# Allt fyrir skrifstofuna



Skúffuskápar
Tilboðsverð 5.999 kr.
Verð áður 8.990 kr.



Límbandsstatíf
Tilboðsverð 1.999 kr.
Verð áður 2.999 kr.




Sumarleyfisblöð
Tilboðsverð 291 kr.
Verð áður 489 kr.




Leiðréttingamús
Tilboðsverð 539 kr.
Verð áður 839 kr.




# AUGLÝSINGAVÖRUR Í MIKLU ÚRVALI

Hagkvæm og skemmtileg leið til að koma þínu fyrirtæki á framfæri

ÞAÐ STYTTIST Í GOLFSUMARIÐ
Eigum fjölbreytt úrval af sérmerktum golfvörum













Gæðavara frá Titleist, Taylormade, Callaway, Wilson, Srixon og ýmsum framleiðendum fyrir golfklúbba og fyrirtæki.

Gríptu með þér eintak af nýjasta tilboðsblaðinu okkar í næstu A4 verslun eða skoðaðu á www.a4.is

Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**



Guðmundur Guðmundsson ræðir málin við aðstoðarmenn sína, þá Gunnar Magnússon og Tomas Svensson, á æfingu liðsins í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Þolinmæði er lykilorðið okkar

**Guðmundur Guðmundsson stýrir íslenska landsliðinu á ný í fyrsta sinn í kvöld gegn Noregi í Gullmótinu. Guðmundur hlakkar mikið til þess að henda efnilegum leikmönnum íslenska liðsins út í djúpu laugina.**

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson stýrir íslenska karlalandsliðinu í handbolta í sínum fyrstu leikjum síðan hann tók við liðinu á nýjan leik þegar Ísland tekur þátt í Gullmótinu í Noregi um helgina.

Fyrsti leikur íslenska liðsins er gegn heimamönnum í kvöld, þá leikur íslenska liðið á móti Danmörku á laugardaginn og síðan Frakklandi á sunnudaginn. Guðmundur stýrði íslenska liðinu síðast árið 2012, en honum líst vel á landslagið í íslenskum handbolta.

Hann leggur hins vegar ríka áherslu á að handboltafólk sýni íslenska liðinu þolinmæði þar sem liðið sé gríðarlega ungt og uppbygging muni taka drjúgan tíma. Það sé hins vegar ríkur efniviður til staðar og íslenska liðið geti hæglega verið komið í fremstu röð eftir þrjú ár.

„Mér líst bara mjög vel á hlutina hérna fyrstu dagana. Það er góður andi í hópnum og menn eru að gefa sig alla í verkefnið. Við förum yfir varnarleikinn á fyrstu æfingunni og á æfingunni daginn þar á eftir förum við yfir sóknarleikinn. Það er vissulega mikil vinna fram undan, en þetta byrjar vel og leikmenn eru fljótir að meðtaka áherslurnar," sagði Guðmundur.

„Það verður svo bara að koma í ljós hversu langt þessir ungu og efnilegu leikmenn eru komnir og hvernig þeir standa í samanburði við marga af bestu leikmönnum heims. Eins og ég sagði við HSÍ og á fyrsta blaðamannafundinum þegar ég tók við starfinu þá mun það taka um það bil þrjú ár að koma þessum leikmönnum í fremstu röð."

Miklar breytingar hafa orðið á leikmannahópi íslenska liðsins síðan Guðmundur var síðast við stjórnvölinn hjá því. Ofan á það fékk Guðjón Valur Sigurðsson frí frá þessu verkefni og Ásgeir Örn Hallgrímsson glímir við meiðsli og er fjarri góðu gamni.

Leikmannahópurinn yngdist svo enn frekar þegar sex leikmenn sem Guðmundur hafði valið til þess að leika í Noregi heltust úr lestinni ýmist vegna meiðsla, veikinda eða persónulegra ástæðna. Aron Rafn Eðvarðsson, Theodór Sigurbjörnsson, Ólafur Andrés Guðmundsson, Ólafur Bjarki Ragnarsson, Ólafur Gústafsson og Ýmir Örn Gíslason voru þeir leikmenn sem drógu sig út úr hópnum. Guðmundur segist hafa breytt hugmyndafræðinni í kringum B-landsliðið, en sá leikmannahópur samanstandi af leikmönnum sem séu að banka á dyrnar hjá A-landsliðinu.

### Líklega yngsta lið frá upphafi

„Þessi forföll gera ungt lið enn yngra og ég er ekki frá því að þetta sé yngsta landslið í sögunni sem Ísland hefur sent til leiks sem A-landslið í keppnisleiki. Nú sýnir það sig svart á hvítu hversu mikilvægt það er að starfrækja B-landslið. Ég kalla þetta B-landslið, en ekki afrekshóp til þess að undirstrika að þessir leikmenn eru næstir inn í A-landsliðið. Það sýnir sig svo enn frekar þegar ég tek fjóra leikmenn úr B-landsliðinu inn í A-landsliðið þegar forföll verða.

Guðmundur fékk góða innsýn í starf B-landsliðsins á dögunum þegar hann hafði umsjón með æfingu liðsins.

„Ég kom að æfingunum hjá B-landsliðinu í síðustu viku og við erum að fara yfir sömu hluti þar og í A-landsliðinu. Leikmenn eru því meðvitaðir um hvernig við erum að vinna hlutina og þurfa ekki að byrja á núllpunkti þegar þeir koma í A-landsliðið. Það er gríðarlega mikilvægt, ég fæ betri tilfinningu fyrir getu leikmanna og þetta stækkar hóp þeirra sem eru klárir í slaginn í verkefni með A-landsliðinu," sagði Guðmundur um samvinnuna á milli A- og B-landsliðanna.

> Við erum í uppbyggingarfasa þar sem ekki er möguleiki að stytta sér leið.
>
> Guðmundur Guðmundsson



### Getum komist í hæstu hæðir

Ísland ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur á Gullmótinu, en mótherjar íslenska liðsins eru afar sterkir. Frakkar og Danir léku um bronsverðlaun á Evrópumótinu sem fram fór í Króatíu í janúar á þessu ári. Frakkar fóru með sigur af hólmi í þeim leik. Þá urðu Norðmenn í sjöunda sæti á því móti.

Guðmundur telur mikilvægt að máta sig á móti jafn sterkum þjóðum og íslenska liðið mætir á mótinu til þess að finna út hvar liðið stendur og hvað þurfi að laga til þess að komast nær því að vera á efsta stalli í handboltaheiminum.

„Það er ekki sanngjarnt að mínu mati að ætlast til þess að þeir leikmenn sem mynda þennan leikmannahóp séu fullmótaðir og klárir í það að standa fremstu leikmönnum heims á sporði. Ég tel hins vegar að það sé klárlega möguleiki á því að koma þessu liði í hæstu hæðir og þessir leikir eru byrjunin á því verkefni að bæta liðið og þróa leikmenn og spilamennsku liðsins.

> Sjö nýliðar eru í íslenska hópnum sem fór til Noregs.

Við erum að fara að leika gegn þremur af fimm bestu þjóðum heims í handboltanum í dag. Það verður spennandi að sjá hvar við stöndum í samanburði við þær og fróðlegt að meta hvar okkar styrkleikar og veikleikar eru," sagði Guðmundur.

„Við erum til að mynda með tvo mjög unga nýja miðjumenn, Gísla Þorgeir [Kristjánsson] og Hauk [Þrastarson], það verður til dæmis gaman að sjá hvernig þeir standa sig," sagði Guðmundur sem er með nýtt lið í höndunum.

„Þetta er gjörbreytt lið og þetta hefur verið smá púsluspil vegna skakkafallanna. Ég hef hins vegar verið mjög ánægður með æfingarnar og það hvernig leikmenn eru að nálgast verkefnið. Það er hins vegar ómögulegt að dæma liðið eða meta hversu langt það er komið í alþjóðlegum handbolta. Við verðum að kasta mönnum út í djúpu laugina og láta þá spila við sterka leikmenn til þess. Það munum við gera um komandi helgi og ég er mjög spenntur eins og leikmenn liðsins og allir í kringum liðið.

Staðan á íslenska liðinu er allt önnur en þegar ég var með það síðast. Við erum í uppbyggingarfasa þar sem ekki er möguleiki að stytta sér leið. Þetta tekur tíma þar sem þarf að leggja á sig mikla vinnu, en um leið verður þetta mjög skemmtilegur tími sem fram undan er. Þessir ungu leikmenn þurfa að fá að spila um það bil 30 landsleiki til þess að komast á sama stað og reyndari leikmenn liðsins. Þolinmæði verður lykilorðið," sagði Guðmundur.

hjorvaro@frettabladid.is

## Nýjast

**Domino's-deild karla, undanúrslit**

**ÍR - Tindastóll 82-89**
**ÍR:** Danero Thomas 33 Matthías Orri Sigurðarson 13, Hákon Örn Hjálmarsson 10, Sæþór Elmar Kristjánsson 6, Trausti Eiríksson 6, Kristinn Marinósson 4.
**Tindastóll**: Sigtryggur Arnar Björnsson 25, Antonio Hester 20, Björgvin Hafþór Ríkharðsson 12, Pétur Rúnar Birgisson 10, Viðar Ágústsson 9, Axel Kárason 7.

*Staðan er 1-0 í einvíginu fyrir Tindastól*

**Olís-deild kvenna, undanúrslit**

**Valur - Haukar 22-xx**
**Valur:** Kristín Guðmundsdóttir 6, Díana Dögg Magnúsdóttir 5, Ólöf Kristín Þorsteinsdóttir 3, Ragnhildur Edda Þórðardóttir 3, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 2, Morgan Marie Þorkelsdóttir 2.
**Haukar:** Guðrún Erla Bjarnadóttir 5, Maria Pereira 4, Sigrún Jóhannsdóttir 3, Bertha Rut Harðardóttir 3, Hekla Rún Ámundadóttir 2, Ragnheiður Sveinsdóttir 2.

*Staðan er 1-0 í einvíginu fyrir Val*

**Meistaradeild Evrópu, 8-liða úrslit, fyrri leikir**

**Liverpool - Man. City 3-0**
1-0 Mohamed Salah (12.), 2-0 Alex Oxlade-Chamberlain (21.), 3-0 Sadio Mane (31.).

**Barcelona - Roma 4-1**
1-0 Daniele De Rossi (Sjálfsmark, 38.), 2-0 Konstantinos Manolas (Sjálfsmark, 55.), 3-0 Gerard Pique (58.), 3-1 Edin Dzeko (80.), 4-1 Luis Suarez (87.).



Hildur Sigurðardóttir stýrði Breiðabliki í tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Hildur hætt

**KÖRFUBOLTI** Hildur Sigurðardóttir hefur ákveðið að taka sér frí frá þjálfun. Hún lætur því af störfum sem þjálfari kvennaliðs Breiðabliks eftir tvö ár.

Hildur tók við Blikum 2016 og kom þeim upp í Domino's-deildina á sínu fyrsta tímabili í þjálfun. Breiðablik endaði í 7. sæti Domino's-deildarinnar í vetur. Liðið vann 11 leiki af 28.

Hildur vann fjölda titla á farsælum ferli sem leikmaður. Þá er hún leikjahæsti leikmaður íslenska kvennalandsliðsins frá upphafi með 79 leiki. **– iþs**

# Æft í Króatíu

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu æfir þessa dagana í Króatíu og er það hluti af undirbúningi liðsins fyrir leik gegn Slóveníu á föstudaginn. Er leikurinn liður í undankeppni HM 2019.

KSÍ greindi frá því að allir leikmenn liðsins hefðu tekið þátt í fyrstu æfingu í Króatíu.

Ísland er í 2. sæti riðilsins, tveimur stigum á eftir Þýskalandi sem mætir Tékkum á föstudaginn, en Stelpurnar okkar eiga einn leik til góða á Þjóðverja. **– kpt**

ORMSSON

# Þvottadagar

15%

**AEG**
914550043

## ÞVOTTAVÉL
*L7FBE840E*
Tekur 8 kg af þvotti. 1400 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor.
Íslensk notendahandbók.

**Verð áður: 119.900,- Verð nú: 101.915,-**



ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

10 ára ábyrgð á kolalausum mótor

**AEG**
914550046

## ÞVOTTAVÉL
*L7FBM826E*
Tekur 8 kg af þvotti. 1600 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi.
Kolalaus mótor.

**Verð áður: 139.900,- Verð nú: 118.915,-**

15%

**AEG**
914913404

## ÞVOTTAVÉL
*L6FBE720I*
Tekur 7 kg af þvotti.
1200 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi.
Íslensk notendahandbók.

**Verð áður: 89.900,-**
**Verð nú : 76.415,-**





ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ

**AEG**
914913410

## ÞVOTTAVÉL
*L6FBE840I*
Tekur 8 kg af þvotti.
1400 sn. Öll hugsanleg
þvottakerfi. Kolalaus mótor.
Íslensk notendahandbók.

**Verð áður: 99.900,-**
**Verð nú: 84.915,-**

15%

# SAMSUNG SAMSUNG SAMSUNG SAMSUNG SAMSUNG



59.900,-
ecobubble

**SAMSUNG**
**WW70**
**Þvottavél**
7 KG. 1400 SN.
Eco Bubble
Kolalaus mótor.
**Verð nú 59.900,-**



ecobubble

**SAMSUNG**
**WW80**
**Þvottavél**
8 KG. 1400 SN.
Eco Bubble
Kolalaus mótor.
**Verð nú 64.900,-**



**SAMSUNG**
**DV70M**
**Þurrkari A++**
7 KG. barkarlaus þurrkari.
Varmadæla í stað elements.
**Verð nú 76.900,-**



**SAMSUNG**
**Uppþvottavél**
**DW60M6050BB**
Innbyggð uppþvottavél • Tekur 14 manna stell • 7 þvottakerfi • Starttímaseinkun • Orkunýtni A++ • 44db • Stillanleg efrigrind • Grind efst fyrir hnífapör • 2 þvottaarmar

**Áður kr. 99.900.-**
**VERÐ NÚ: 79.920,-**



**SAMSUNG**
**Uppþvottavél**
**DW60M6051UW**
Framhlið er hvít • Tekur 14 manna stell • 7 þvottakerfi. - 60 mín. hraðkerfi • Starttímaseinkun • Orkunýtni A++ • 44db • Stillanleg efrigrind • Grind efst fyrir hnífapör • 3 þvottaarmar

**Áður kr. 94.900.-**
**VERÐ NÚ: 75.900,-**



**SAMSUNG**
**Uppþvottavél**
**DW60M6051US**
Framhlið úr burstuðu stáli • Tekur 14 manna stell • 7 þvottakerfi • Starttímaseinkun • Orkunýtni A++ • 44db • Stillanleg efrigrind • Grind efst fyrir hnífapör • 2 þvottaarmar

**Áður kr. 99.900.-**
**VERÐ NÚ: 79.920,-**

95 ÁRA ORMSSON 1922 - 2017

**Opnunartímar:**
**Virka daga kl. 10-18**
**Laugardaga kl. 11-15.**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
**ORMSSON**
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Netverslun ORMSSON.IS

ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# Tiger mætir aftur á stærsta svið golfsins

**Hið sögufræga Masters-mót í golfi hefst í dag á Augusta-vellinum. Augu flestra golfáhugamanna eru á Tiger Woods sem þykir einn af sigurstranglegustu kylfingunum.**



Tiger og Phil tóku æfingarhring saman og verða í sviðsljósinu um helgina en þeir háðu marga bardaga hér áður um stærstu titlana. NordicPhotos/Getty Images

**GOLF** Eitt frægasta golfmót heims hefst á morgun á Augusta-vellinum í Georgíuríki í Bandaríkjunum en Masters-mótið er fyrsta af fjórum risamótum ársins og fyrsta merkið um að golftímabilið er komið á fullt. Verður þetta í 82. skiptið sem Masters-mótið fer fram en spænski kylfingurinn Sergio Garcia hefur titil að verja eftir að hafa unnið fyrsta risatitil sinn á ferlinum í fyrra.

Keppt er um hinn sögufræga græna jakka en gullbjörninn Jack Nicklaus vann mótið oftast (6) þótt Tiger Woods sé ekki langt undan með fjóra jakka, líkt og Arnold Palmer.

Verðlaunaféð er ellefu milljónir dollara sem skiptast meðal kylfinga, umtalsvert meira en á fyrsta mótinu þar sem heimamaðurinn Horton Smith fékk 1.500 dollara fyrir sigurinn en bandarískir kylfingar hafa sigrað 60 sinnum í 82 mótum. Fyrir mótið eru stærstu spurningarmerkin Tiger Woods, Rory McIlroy og Phil Mickelson en Bubba Watson, Dustin Johnson, Jordan Spieth og Justin Thomas og fleiri hafa augastað á sigri.

### Augu heimsins eru á Tiger

Óhætt er að segja að flestir golfáhugamenn heims fylgist grannt með málum Tiger Woods á mótinu en þetta verður aðeins í annað skiptið á síðustu fimm árum sem hann er meðal keppanda á Augusta og í fyrsta sinn frá árinu 2015. Verður þetta í 21. skiptið á ferlinum sem Tiger er meðal þátttakenda en hann hefur aðeins einu sinni misst af niðurskurðinum, þá árið 1996 sem áhugamaður. Undanfarin ár hefur hann þurft að fylgjast með af hliðarlínunni á mótinu sem er í sérstöku uppáhaldi hjá honum á meðan hann hefur verið þjáður af meiðslum en hann virðist loksins vera laus við meiðsladrauginn.

Hefur hann verið að spila afar vel á undanförnum mótum og blandað sér í toppbaráttuna á tveimur þeirra, hann var aðeins höggi frá því að kreista fram bráðabana á Valspars-mótinu á dögunum. Fylgdi hann því eftir með því að vera lengi vel í toppbaráttunni á Arnold Palmer-mótinu helgina eftir það en gaf eftir á lokasprettinum og þurfti að sætta sig við 5. sætið.

Tiger hefur ekki unnið mót í tæp fimm ár eða allt frá ágúst 2013 en nýlega batt Phil Mickelson enda á svipaða bið eftir sigri á móti og vonast forráðamenn PGA-mótaraðarinnar og aðdáendur Tigers eflaust eftir því sama frá Tígrinum. Með góðu gengi hans undanfarnar vikur hafa áhorfendatölur og umfjöllun í tengslum við golf stóraukist. Veðbankarnir töldu Tiger líklegastan til að sigra á Masters-mótinu eftir góða spilamennsku en hann er nú talinn fimmti líklegasti ytra.



## U.S. Masters champions

5 til 8 apríl

**Sigurvegarar undanfarinna tíu ára**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2017 | Sergio Garcia | ESP | -9 |
| 2016 | Danny Willett | ENG | -5 |
| 2015 | Jordan Spieth | USA | -18 |
| 2014 | Bubba Watson | USA | -8 |
| 2013 | Adam Scott | AUS | -9 |
| 2012 | Bubba Watson | USA | -10 |
| 2011 | Charl Schwartzel | RSA | -14 |
| 2010 | Phil Mickelson | USA | -16 |
| 2009 | Angel Cabrera | ARG | -12 |
| 2008 | Trevor Immelman | RSA | -8 |

Sergio Garcia: Vann loksins risamót í 74. Tilraun á Masters-mótinu í fyrra. Skírði dóttur sína í höfuð 13. brautinni á dögunum.



Eftir að hafa deilt fimmta sæti á Arnold Palmer-mótinu á dögunum er talið að Tiger Woods blandi sér í baráttuna um sigurinn á Augusta. Verður hann meðal þátttakenda í fyrsta sinn frá árinu 2015.

**Sigrar Tiger á Masters:**

- 1997: Fyrsti risatitillinn á ferlinum, setti met sem yngsti sigurvegari Masters-mótsins aðeins 21 árs gamall ásamt því að setja met sem stendur enn að ljúka leik á 270 höggum, átján höggum undir pari.
- 2001: Hafði betur gegn David Duval og sigraði á mótinu í annað sinn, varð um leið fimmti kylfingurinn í sögunni til að ná alslemmu (e. grand slam) sem handhafi allra fjögurra risatitlanna í golfi.
- 2002: Varði titilinn og vann Masters-mótið annað árið í röð, aðeins þriðji kylfingurinn sem nær þeim áfanga á eftir Jack Nicklaus(1965-66) og Nick Faldo (1989-90)
- 2005: Vann Masters-mótið í fjórða sinn á ferlinum, komst upp að hlið Arnold Palmer með fjóra græna jakka. Aðeins Jack Nicklaus á fleiri eða sex stykki.

Source: PGA Pictures: Getty Images © GRAPHIC NEWS

> **Það hefur verið erfitt að fylgjast með Masters undanfarin ár vitandi að ég gæti ekki tekið þátt. Þetta er uppáhaldsmót mitt og ég átti ekki von á því að spila aftur á þessu stigi en mænuaðgerðin bjargaði mér.**
>
> Tiger Woods

### Grænn fer Norður-Írum vel

Norður-Írinn Rory McIlroy vann fyrsta golfmót sitt í átján mánuði á dögunum sem gæti verið góður fyrirboði fyrir McIlroy sem vantar aðeins Masters-titilinn til að klára alslemmuna (e. grand slam) í golfi, að hafa unnið alla fjóra risatitlana. Aðeins Nicklaus, Woods, Ben Hogan, Gary Player og Gene Sarazen hafa unnið alla fjóra risatitlana en McIlroy, Spieth og Mickelson vantar alla aðeins einn titil í safnið til að ná því. Besti árangur McIlroy á Masters-mótinu kom árið 2015 þegar hann hafnaði í 4. sæti er Spieth setti vallarmet. Fjórum árum áður var Rory með fjögurra högga forskot fyrir lokahringinn en glutraði því eftirminnilega niður og hafnaði í 15. sæti.

### Lefty getur náð Tiger

Annar heimsfrægur kylfingur sem er vongóður um að góð spilamennska undanfarinna vikna skili sér í nýjum grænum jakka er Phil Mickelson, örvhenti reynsluboltinn sem á þrjá græna jakka. Lengi vel var Masters-mótið eina risamótið sem hann hafði unnið á ferlinum, árið 2004, 2006 og 2010 en undanfarin tvö ár hefur gengið erfiðlega á mótinu hjá kylfingnum sem kallaður er Lefty. Missti hann af niðurskurðinum á Masters árið 2016, á sama tíma og hann átti í erfiðleikum á PGA-mótaröðinni en sigur hans á WGC Meistaramótinu í Mexíkó á dögunum ætti að gefa honum aukið sjálfstraust inn í mótið.

### Justin og Dustin líklegir

Þó að mesta athyglin sé á spilamennsku Tigers, Rory og Phils skyldi enginn afskrifa kylfinga á borð við Jordan Spieth, Justin Thomas, Dustin Johnson og Bubba Watson. Tveir þeirra, Bubba og Jordan, þekkja það að klæðast græna jakkanum og vann Bubba mótið tvisvar á þremur árum, árin 2012 og 2014. Eini sigur Jordans á mótinu kom árið 2015 en þá jafnaði hann vallarmet Tigers er hann kom í hús á átján höggum undir pari.

Dustin og Justin, efstu tveir kylfingar heimslistans, eru svo alltaf líklegir en Justin Thomas hefur unnið sjö mót á undanförnum átján mánuðum.

Hvernig sem fer um helgina má búast við frábærri spilamennsku og spennu á einu skemmtilegasta móti ársins.

kristinnpall@frettabladid.is

# Tek því hlutverki sem Guðmundur ætlar mér í liðinu fagnandi

**HANDBOLTI** Línumaðurinn og varnarjaxlinn Vignir Svavarsson var valinn í fyrsta landsliðshóp Guðmundar Guðmundssonar, en hann gaf ekki kost á sér hjá íslenska liðinu á Evrópumótinu í Króatíu í janúar á þessu ári.

Vignir er nýbakaður faðir og forgangsröðin hefur breyst nokkuð eftir þann merkisatburð í lífi hans. Er hann leikreyndasti leikmaður íslenska liðsins að þessu sinni, en hann er 38 ára gamall og hefur leikið 234 leiki fyrir Íslands hönd. Raunar eru einungis fjórir leikmenn í leikmannahóp íslenska liðsins sem eru fæddir fyrir 1990.

> **Þegar maður er að ala upp börn sér maður að það eru aðrir hlutir í lífinu en handbolti.**
>
> Vignir Svavarsson

„Það er alltaf gaman að vera partur af landsliðinu. Mér finnst rosa gaman að koma og vera með strákunum, eins og það hefur alltaf verið og ég er mjög spenntur fyrir þessu verkefni. Ég var hins vegar satt best að segja ekkert að pæla í því hvort ég yrði í leikmannahópnum eða ekki fyrir þetta verkefni. Ég er nýbúinn að eignast mitt annað barn og þegar maður er að ala upp börn þá uppgötvar maður að það eru mikilvægari hlutir í þessu lífi en handboltinn. Það er hins vegar ávallt heiður að vera valinn í íslenska landsliðið,“ sagði Vignir um það að vera kominn á nýjan leik í landsliðið.

Guðmundur hefur talað fyrir kynslóðaskiptum hjá landsliðinu en sjö nýliðar eru í hópnum. Ein af spurningunum sem spurt er fyrir mótið er hvaða vörn Guðmundur muni láta liðið spila. Líklegt er að Vignir verði í lykilhlutverki í varnarleik íslenska liðsins á mótinu og hann verði fenginn, í ljósi leikreynslu sinnar, til þess að binda vörn liðsins saman.

„Það hafa orðið miklar breytingar á liðinu síðan ég var síðast í hópnum. Það eru margir ungir og efnilegir leikmenn komnir inn í liðið. Þeir eru með mikla handboltagreind og eru fljótir að læra. Þeir eru líka í góðu líkamlegu ástandi og virðast vera vel þjálfaðir,“ sagði Vignir.

„Þetta eru flottir strákar og framtíðin er björt að mínu mati. Það hafa verið miklar sviptingar og þetta er bara eðlileg þróun. Mér finnst spennandi tímar fram undan. Ég átta mig ekki enn á því hvaða hlutverk mér er ætlað í þessu liði, en það kemur bara í ljós. Leikmenn fengu allir að kynnast því hvernig pælingin er að spila og erfitt að lesa í það hvernig hlutverki ég verð í. Ég tek því bara þegar þjálfarnir láta mig vita,“ bætti Vignir við. Hann er einn þriggja línumanna í íslenska hópnum ásamt Arnari Frey Arnarssyni og Ágústi Birgissyni.

Vignir ætti að koma fullur sjálfstrausts inn í landsleikina sem fram undan eru enda stutt síðan hann varð danskur bikarmeistari með Tvis Holstebro. – hó

# Fólk
Tíska

FIMMTUDAGUR 5. APRÍL 2018



**Viktor Orri elskar að klæðast fínt en líka í hversdagslegum stíl. Hann sækir í Instagram eftir góðum hugmyndum.** →4



# Dansar í gegnum lífið

Hjónin Karen og Adam Reeve koma bæði að þáttunum Allir geta dansað á Stöð 2. Hún sem dómari og hann sem listrænn stjórnandi. Sjálf urðu þau heimsmeistarar í 10 dönsum í Tókýó árið 2003. →2

Karen Reeve, danskennari og dómari í Allir geta dansað, á langan feril að baki í keppni og varð heimsmeistari árið 2003 ásamt eiginmanni sínum, Adam Reeve. MYND/ERNIR



KAUPHLAUP

MIÐVIKUDAG TIL SUNNUDAGS!

*Komdu og gerðu góð kaup!*

comma,

SMÁRALIND

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Þau hjónin lögðu keppnisskóna á hilluna árið 2010 en starfa sem þjálfarar og kennarar hjá landsliði Íslands í samkvæmisdönsum. Karen var stödd í Blackpool á Englandi ásamt hópi barna og unglinga þegar við náðum sambandi við hana. Þar stendur yfir The Blackpool Junior Dance Festival og hafa íslensku krakkarnir staðið sig frábærlega vel, að hennar sögn.

Karen og Adam, sem er frá Ástralíu, voru bæði ung þegar þau urðu atvinnudansarar og kynntust í gegnum dansinn. Þau hafa dansað saman um allan heim, bæði í keppni og á sýningum. „Við bjuggum lengi í ferðatöskum en fluttum til Íslands fyrir nokkrum árum. Okkur langaði að stofna fjölskyldu og eigum tvær dætur, 4 og 9 ára. Þótt við séum hætt að keppa lifum við og hrærumst í dansinum í störfum okkar og óneitanlega fylgir því töluvert af ferðalögum,“ segir hún. „Við eigum marga unga og efnilega dansara á Íslandi sem gaman er að þjálfa og fylgja eftir í keppni,“ segir Karen. „Krakkarnir eru sterkir á alþjóðlegan mælikvarða. Eitt parið varð í öðru sæti hér í keppni sem kallast Opna Evrópumeistaramótið.“

## Þættir sem slegið hafa í gegn

*En hvað kom til að hún gerðist dómari í Allir geta dansað?*

„Framleiðandinn hafði samband við mig og bauð mér dómarastöðu í þættinum sem mér fannst æðisleg hugmynd. Ég hef horft á þessa þætti í Bretlandi og Bandaríkjunum og þekki marga dómara og keppendur sem hafa komið fram í þeim. BBC kom fyrst með þessa þætti sem hafa slegið í gegn. Ég er búin að skemmta mér ótrúlega vel og vona innilega að þættirnir haldi áfram eftir þessa þáttaröð. Einnig vonast ég til að þættirnir kveiki áhuga almennings á samkvæmisdansi. Dansinn er holl, góð og skemmtileg hreyfing. Ég mæli eindregið með að fólk fari í dans sér til ánægju. Reyndar hefur það komið mér á óvart hversu góðir keppendurnir eru.



Karen vonast til að þættirnir Allir geta dansað geti aukið áhuga landsmanna á samkvæmisdönsum. MYND/ERNIR

Það er virkilega erfitt að læra 5-10 dansa á nokkrum vikum. Frammistaðan hjá stjörnunum er því alveg meiriháttar. Það þarf sterkar manneskjur til að standast allt álagið í kringum þættina,“ segir Karen.

Viðbrögð við þáttunum hafa verið mjög góð og segist Karen finna vel fyrir því. „Við höfum bara fengið jákvætt og gott umtal. Margir eru spenntir fyrir þessum þáttum,“ bætir hún við. „Það er keppnisskap í stjörnunum og enginn að gefast upp.“

Heilmikil vinna er á bak við þættina fyrir utan dansþjálfunina. „Það þarf allt að vera tipp topp, bæði búningar, förðun, greiðsla og öll sviðsvinna sem er gríðarlega mikilvæg. Metnaðarfull vinna er lögð í þættina og mér finnst þetta rosalega flott verkefni hjá Stöð 2. Búningar koma víða að, bæði innanlands og erlendis frá. Beinar útsendingar fara fram í Ásbrú í Reykjanesbæ þar sem aðstaðan er til fyrirmyndar.“

> „Það þarf allt að vera tipp topp, bæði búningar, förðun, greiðsla og öll sviðsvinna sem er gríðarlega mikilvæg. Metnaðarfull vinna er lögð í þættina og mér finnst þetta rosalega flott verkefni hjá Stöð 2.
>
> Karen Reeve

## Bjó lengi erlendis

Karen var búsett erlendis í sautján ár. Hún flutti til Englands þegar hún var aðeins sextán ára til að þjálfa dans og keppa. Síðan bjó hún um tíma í Sydney í Ástralíu og í Japan. „Líklegast hef ég alltaf verið sjálfstæð. Þegar ég tek ákvörðun stend ég við hana og fer alla leið. Auk þess fékk ég mjög góðan stuðning frá foreldrum mínum,“ segir hún.

„Þótt við Adam höfum lagt skóna á hilluna erum við ekkert hætt að dansa. Það var ágætt að hætta keppni á toppnum. Við fluttum til Ástralíu en fundum síðan að það hentaði okkur betur að vera í Evrópu. Þess vegna fluttum við til Íslands. Mér fannst frábært að búa í Ástralíu og get hugsað mér að flytja þangað aftur seinna en núna er betra að vera á Íslandi,“ segir hún.

Eldri dóttir þeirra hjóna hefur fetað í fótspor foreldranna og er byrjuð að keppa í dansi en Karen segir að sú yngri hafi minni áhuga. „Við höfum ekki verið með neina pressu á stelpurnar, þær mega ráða hvert þær stefna,“ segir hún. Sjálf byrjaði Karen að æfa dans þegar hún var sex ára og var aðeins átta ára þegar hún tók í fyrsta skipti þátt í danskeppni. Adam kemur úr þekktri dansætt í Ástralíu og varð sjálfur Ástralíumeistari ungur að árum.

## Áhugamál og starf

Karen segir að starfið sé hennar helsta áhugamál. „Ég er svo heppin í lífinu að geta unnið við það sem mér finnst skemmtilegast að gera. Líf mitt snýst í kringum dansinn og að sinna fjölskyldu og börnum. Dansinn er krefjandi og erfiður. Maður þarf að hafa sterka andlega hlið til að sinna honum vel. Það þarf því sérstaklega að huga vel að börnum og unglingum sem eru að stíga sín fyrstu skref á þessum vettvangi og það gerum við sem þjálfarar. Þegar Karen er spurð hvort henni finnist hún vera komin heim þar sem hún er stödd í Bretlandi, svarar hún því játandi. „England er svolítið mitt annað heimili. Mér finnst alltaf gott að koma hingað. Það er líka gefandi að vera með krökkunum sem eru að gera góða hluti. Svo hlakka ég til að halda áfram sem dómari í þáttunum Allir geta dansað á sunnudaginn. Það getur allt gerst í framhaldinu og úrslitin gætu alveg komið á óvart. Þeir sem standa síðan uppi sem sigurvegarar eiga það örugglega verðskuldað.“







Lindon stretchbuxur
Margar týpur og litir
Stærðir 36-50
Verð frá 8.980
hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is












Skyrtan er sérsaumuð frá Stenstrom og sérsaumaður jakkinn er frá Herragarðinum. Buxurnar eru frá Hugo Boss.

# Skórnir númer eitt

## Viktor Orri elskar að klæðast fínt en líka í hversdagslegum stíl. Hann sækir í Instagram eftir góðum hugmyndum.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Fatastíll Viktors Orra Péturssonar er mjög fjölbreyttur að hans sögn og segist hann gjarnan taka algjörar u-beygjur milli daga. „Ég elska að klæðast fínt en líka í hversdagslegum og óformlegum stíl. Þó passa ég mig á því að blanda þessum stílum ekki mikið saman. Daglegur klæðnaður er oftast í þægilegri kantinum, t.d. þröngar gallabuxur, bolur og peysa. Mér finnst gaman að taka sénsa og vera öðruvísi en passa mig að vera líka stílhreinn og óformlegur inn á milli.“

Viktor Orri er 21 árs og býr á Seltjarnarnesi. Hann útskrifaðist frá Verzlunarskólanum síðasta vor og stefnir á nám í viðskiptafræði í Háskólanum í Reykjavík haustið 2018. „Þessa stundina er ég í 3ja mánaða heimsreisu og er núna staddur í Víetnam en reisan mun að sjálfsögðu enda í Rússlandi á HM í fótbolta. Helstu áhugamál mín eru íþróttir og þá helst fótbolti. Utan þeirra pæli ég mikið í efnahagslífinu og einnig finnst mér gaman að fylgjast með tískunni.“

Aðspurður um tískufyrirmyndir segir hann pabba sinn koma efst upp í hugann. „Pabbi vinnur í Hugo Boss búðinni og við spjöllum saman um fínan klæðnað. Hversdagslegi klæðnaðurinn minn er meira innblásinn af samfélagsmiðlum og þá helst Instagram en þar fylgi ég mörgum einstaklingum og tískumerkjum sem gefa mér hugmyndir.“

Hann segir fatastíl sinn alltaf vera að þróast. „Undanfarin ár hef ég dottið mikið inn í „streetwear“ föt og einnig föt sem koma í takmörkuðu upplagi og fara beint á endursölumarkaðinn auk þess sem ég pæli miklu meira í skóm en áður. Í dag eru skórnir alltaf númer eitt þegar ég pæli í heildarútlitinu. Yeezy skórnir hafa komið sterkir inn og á ég marga liti af þeim til að þeir passi við sem flest í fataskápnum. Mér finnst samt ekkert skemmtilegra en að fara út í nýjum jakkafötum.“

*Hvaða flík hefur þú átt lengst og notar enn?* Það er Hugo Boss dúnúlpa sem ég hef átt í nokkur ár. Það er alltaf jafn þægilegt að komast í hana á haustin og ég vel hana mjög oft yfir aðrar nýrri yfirhafnir sem ég á.



Bolurinn er frá Gucci, buxurnar frá Nike og skórnir eru frá Giuseppe Zanotti. MYNDIR/ANTON BRINK

*Áttu þér uppáhaldsfataverslanir?* Hugo Boss, Herragarðinn og einstaka sinnum 66°Norður líka. Svo slysast ég inn í Húrra Reykjavík annað slagið, oftast þegar nýr litur af Yeezy skóm er að lenda í hús. Erlendis er það einungis Nike.

*Áttu þér uppáhaldsflík?* Það er Gucci jakkinn minn. Mér þykir mjög vænt um hann og hef notað hann miklu meira en ég þorði nokkurn tímann að vona.

*Bestu og verstu fatakaupin?* Bestu kaupin voru Supreme Box Logo peysa sem ég hefði getað selt daginn eftir á fimmföldu verði, ef ekki meira. Svo held ég mikið upp á allt sem ég á sérsaumað úr Herragarðinum. Það er alltaf jafn gaman að velja hvernig þú vilt hafa fötin þín frá grunni, merkja þau og gera þau að þínum.

Verstu kaup mín voru á mjög sjaldgæfum Yeezy skóm í sebralit á sjöföldu verði, nokkrum mánuðum eftir að þeir fóru í sölu. Viku síðar var tilkynnt að þeir væru á leiðinni aftur í sölu í miklu stærra upplagi, þ. á m. á Íslandi og verðið hrundi um 65%.

*Notar þú einhverja fylgihluti?* Ég er oftast með hálsmen og hring þegar ég er fínt klæddur og einstaka sinnum armband. Einnig er ég alltaf með úr á mér en ég á nokkur slík. Þó verður Apple úrið oftast fyrir valinu, sama hvert ég fer.



Úlpan er Stone Island x Supreme, peysan er frá Supreme, gallabuxur eru frá Berskha og skórnir eru Vetements x Reebok.

# ESTĒE LAUDER

## Estée Lauder kaupaukinn þinn í Lyfjum & heilsu Kringlunni dagana 5. - 8. apríl.

Þessi glæsilegi kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Estée Lauder fyrir 7.900 kr. eða meira*




**Advanced Night Repair**
Margverðlaunaðir viðgerðardropar. Þín besta trygging fyrir því að húðin eldist ekki eins hratt og árin segja til um. Droparnir eru olíulausir, ilmefnalausir, veita góðan raka og stífla ekki húðholur.

**20% afsláttur af öllum Estée Lauder vörum**




**Kaupaukinn inniheldur:**

Perfectly Clean Multi Action Foam Cleanser
– öflugan froðuhreinsi 30ml
Perfectly Clean Multi Action Hydrating Toner
– rakagefandi tóner 30ml
Revitalizing Supreme + Global Anti Age Cell Power Cream
– fyrirbyggjandi rakakrem 15ml
Revitalizing Supreme+ Global Anti Age Eye Balm
– fyrirbyggjandi augnkrem 15 ml
The Illuminator
– ljómandi farðagrunn 15ml
Bronze Goddess Powder Bronzer
– sólarpúður, light 3.5g
Pure Color Envy
– varagloss, tempting melon, 4.6ml
Fallega snyrtibuddu

*á meðan birgðir endast

Lyf & heilsa
Kringlunni

# Smáauglýsingar

**512 5800**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 209.000,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

STÓRA BÍLASALAN



**NÝIR BÍLAR!**
Discovery Sport HSE. Árgerðir 2018, dísel, sjálfskiptir. Verð 7.490.000. Rnr. 150444.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

### Hópferðabílar



Til sölu VDL Bova árgerð 2006 ekin 420.000 km., 57 farþega, mjög góður bíll ásett verð kr. 6,300.000 + vsk uppl.8968212 eða ellert@hopferdir.is

### Hjólbarðar



Til sölu Trérennibekkur 130cm millodda 150.000.Toyota Land Cruiser 17" felgur 4 stk 50.000.Eða tilboð.Uppl.s:8630838

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**
Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

Getum bætt við okkur inni og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

Vissir þú að... Barnaheill Save the Children á Íslandi
Það er bannað að mismuna börnum eftir litarhætti!

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

### Til sölu

HITAVEITU-SKELJAR



HEITIRPOTTAR.IS
HÖFÐABAKKA 1
SÍMI 777 2000



Ný tækifæri, nýjar áskoranir!
HAGVANGUR
www.hagvangur.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**WORK NORTH**
HÚSARIF • JARÐVINNA • MÚRBROT
STEYPUSÖGUN • KJARNABORUN
Sími. 852-5804 | 852-5808 | worknorth@simnet.is

**Snyrti & nuddstofan Smart**
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
*Verið hjartanlega velkomin.*
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**Úti- og innimálun**
Gerum föst verðtilboð í utanhússmálun og endurmálun sameigna fyrir húsfélög og fleira.
Vönduð vinnubrögð og notum einungis topp efni.
Vaskir Drengir ehf
Björgvin P. Hallgrímsson
Löggiltur málarameistari
vaskirdrengir@gmail.com
sími 844-9188

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

**Ferðaþjónustuhús**



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.
Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

*Rafstilling ehf*
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS



TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is





## Peugeot 2008

Nýskráður 2/2016, ekinn 19 þús.km., dísel, sjálfskiptur, uppgefin eyðsla frá framleiðanda aðeins 3,8 lítrar/100 km í blönduðum akstri.

**Tilboð kr. 1.990.000**





## Honda Civic Prestige 5 dyra

Nýskráður 12/2017, ekinn 3 þús.km., bensín, sjálfskiptur, leðurinnrétting, opnanlegt glerþak, leiðsögukerfi og margt fleira, 183 hestöfl.

**Verð kr. 3.890.000**





## Honda Jazz Trend

Nýskráður 3/2018, bensín, sjálfskiptur, nýr ókeyrður bíll, aðeins nokkrir bílar eftir á þessu tilboðsverði.

**Tilboð kr. 2.390.000**





## VW Tiguan Track & Style

Nýskráður 2/2013, ekinn 98 þús.km., dísel, sjálfskiptur, einn eigandi, fjórhjóladrifinn með dráttarkrók.

**Verð kr. 2.690.000**

### Opnunartími

**Mánudaga - föstudaga**
**milli kl. 10:00 og 18:00**

**Laugardaga milli**
**kl. 12:00 og 16:00**

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is


HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

### Nudd

**HEILNUDD/SNYRTING**
Heilnudd, slökun, íþróttanudd og snyrting. Afslappandi og gott umhverfi á sv. 105 rvk. Opið kvöld og helgar. S. 894 4817

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

Herbergi R108 húsgögn, þvottahús og eldhús. Sími 8661786. 50 þúsund

Til leigu rúmgott herbergi (Reykl.) í vesturbænum - nálægt HÍ. Sér inngangur og sér baðherb. Uppl. í s. 551 4334 & 659 6036

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

### Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Atvinna

### Atvinna í boði

**CLEANING COMPANY**
is looking for people to work in cleaning services,( bussines and residentials). Part time/full time job. English and experience are mandatory.Motivating salary depending on performance. Required: professionalism, reliability and flexibility.
**The applications for job will be send to the e-mail adress hallo@stedum.is/ cami@stedum.is, until 9'th of may**

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**




FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar



## Létt og skemmtileg spænskunámskeið

**Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.**

**Byrjendanámskeið:**
Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30
Mánudaga og miðvikudaga: 13:30 - 15:00
Mánudaga og miðvikudaga 19:15 - 20:45



**Framhaldsnámskeið spænska II:**
Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00
Þriðjudaga og fimmtudaga 13:30 - 15:00

**Námskeiðin hefjast 9. og 10. apríl.**
**Verð á mann er 29.000 kr.**

**Framhaldsnámskeið spænska III:**
Þriðjudaga og fimmtudaga: 17:30 - 19:00

**Upplýsingar í síma 698 5033 eða spaenskuskolinnhablame@gmail.com**
***Facebook: Spænskuskólinn Háblame***



Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

**Grundarfjarðarbær**

## Auglýsing um tillögu að deiliskipulagi áfangastaðar við Kolgrafafjörð, Grundarfjarðarbæ

Bæjarstjórn Grundarfjarðar samþykkti þann 4. apríl 2018 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi áfangastaðar við Kolgrafarfjörð ásamt umhverfismati hennar, skv. 41. gr. skipulagslaga.

Tillaga að deiliskipulagi áfangastaðar við Kolgrafarfjörð felur í sér að útbúa aðstöðu til að njóta útsýnis og náttúrulífs við vesturenda brúarinnar yfir Kolgrafafjörð ásamt nýjum bílastæðum og svæði til áningar. Á áfangastað verður gert ráð fyrir salernisaðstöðu, nestisaðstöðu og útsýnispall ásamt upplýsingaskiltum um nánasta umhverfi, náttúru og nærliggjandi þjónustu. Deiliskipulagssvæðið er um 3,3 ha að stærð.

**Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofunum Borgarbraut 16 og birt á vef bæjarins, www.grundarfjordur.is, frá 5. apríl til og með 17. maí 2018.**

Þeim sem eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til og með fimmtudeginum 17. maí 2018.
Athugasemdir eða ábendingar skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 17. maí 2018 annað hvort á netfangið grundarfjordur@grundarfjordur.is eða með pósti merkt: Grundarfjarðarbær, Deiliskipulag, Borgarbraut 16, 350 Grundarfjörður. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna teljast henni samþykkir.

***Grundarfjarðarbæjar bæjarstjóri***

**Akraneskaupstaður**

## Ketilsflöt – Kalmansbraut á Akranesi Gatnagerð - gönguþverun

Akraneskaupstaður óskar eftir tilboðum í gatnagerð á Ketilsflöt og gerð gönguþverana á Ketilsflöt og Kalmansbraut á Akranesi.

Helstu stærðir:

| | |
|---|---|
| Malbikun | 3.100 m2 |
| Hellulagnir | 300 m |
| Fráveitulagnir | 500 m |

**Verktími er til 4. september 2018.**
Útboðsgögn eru afhent á stafrænu formi með því að senda tölvupóst á netfangið akranes.utbod@mannvit.is, þar sem fram kemur nafn bjóðanda ásamt netfangi, nafni og símanúmer tengiliðs.

**Athugið breyttan opnunardag:**
Tilboð verða opnuð í Ráðhúsi Akraneskaupstaðar, Stillholti 16-18, 300 Akranes, **þriðjudaginn 24. apríl 2018 kl. 11.00.**

*Sviðsstjóri Skipulags- og umhverfissviðs*

**Grundarfjarðarbær**

## Auglýsing um tillögu að deiliskipulagi við Kirkjufellsfoss, Grundarfjarðarbæ

Bæjarstjórn Grundarfjarðar samþykkti þann 4. apríl 2018 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi við Kirkjufellsfoss ásamt umhverfismati hennar, skv. 41. gr. skipulagslaga.

Tillaga að deiliskipulagi við Kirkjufellsfoss tekur til um 10,5 ha svæðis umhverfis fossinn. Innan marka deiliskipulagssvæðisins verða bílastæði, gönguleiðir, upplýsingaskilti, áningarstaðir og salernisaðstaða. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Það þjónar bæði ferðalöngum og náttúrunni að skipuleggja svæðið og umgengni um það af kostgæfni.

**Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofunum Borgarbraut 16 og birt á vef bæjarins, www.grundarfjordur.is, frá 5. apríl til og með 17. maí 2018.**

Þeim sem eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til og með fimmtudagsins 17. maí 2018. Athugasemdir eða ábendingar skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 17. maí 2018 annað hvort á netfangið grundarfjordur@grundarfjordur.is eða með pósti merkt: Grundarfjarðarbær, Deiliskipulag, Borgarbraut 16, 350 Grundarfjörður. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna teljast henni samþykkir.

***Grundarfjarðarbæjar bæjarstjóri***


FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Stendur undir nafni




FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ APP

FRÉTTABLAÐIÐ.IS


## Útboð á byggingarrétti á Dalbrautarreit á Akranesi

**Akraneskaupstaður leitar eftir kauptilboðum í byggingarrétt á fjórum lóðum á Dalbrautarreit á Akranesi þ.e. lóðunum Dalbraut 4, Dalbraut 6, Þjóðbraut 3 og Þjóðbraut 5. Byggingarréttur á hverri lóð fyrir sig er boðinn til sölu.**






*Mynd úr Skipulagsgögnum, sem afmarkar lóðirnar.*

Byggingaréttur á þessum 4 lóðum er samtals 11.102 fermetrar í íbúðarhúsnæði, 828 fermetrar í verslun og þjónustu, 1.311 fermetrar í þjónusturými og 4.414 fermetrar fyrir bílakjallara og annað kjallararými.

Akraneskaupstaður hyggst kaupa rými af lóðarhafa að Dalbraut 4, allt að 1.270 fermetra á fyrstu hæð.

Ennfremur áskilur Akraneskaupstaður sér rétt til kaupa á allt að 15 íbúðum á lóðunum.

Útboðsgögn verða afhent í þjónustuveri Akraneskaupstaðar. Ennfremur fyrir þá sem það vilja verða útboðsgögn afhent á stafrænu formi með því að viðkomandi sendir tölvupóst á netfangið dalbrautarreitur@akranes.is, þar sem fram kemur nafn bjóðanda ásamt netfangi, nafni og símanúmeri tengiliðs.

**Tilboð verða opnuð í Ráðhúsi Akraneskaupstaðar, Stillholti 16-18, 300 Akranes, fimmtudaginn 3. maí 2018, kl.11.00.**





































# Brandtex®

Kringlan | Sími: 5582800 | Brandtex Ísland

Brandtex SIGNATURE® jensen IMITZ Ciso



In Loving Memory Of
**Alte Pilor Trinidad**
Sunrise: December 2, 1964
Sunset: March 27, 2018

A Note of Gratitude

The family of ALTE PILOR TRINIDAD would like to express gratitude to those who share our grief during this time of bereavement. To the staff of Hringbraut 11E for their unending and unconditional care during her agony. To her colleagues in Fædingardeild 23B for their moral and emotional support. To her family especially Priscilla Biscarra for her selfless love and care through the years until her last breath. All expressions of love at the passing of our beloved ALTE and all other acts of kindness will be acknowledged at a later time.

May God bless each of us.

# Íslendingar eru flóttafólk

## Vilborg Davíðsdóttir fagnar 25 ára höfundarafmæli í ár.



**Hannesarholt býður upp á samverustund með Vilborgu í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það rann upp fyrir mér um daginn að aldarfjórðungur væri liðinn frá því ég gaf út mína fyrstu bók, Við Urðarbrunn,“ segir Vilborg Davíðsdóttir skáldkona sem mun fjalla um feril sinn í máli og myndum í Hannesarholti í kvöld og byrjar klukkan 20.

Vilborg sækir efni í sögur sínar til fortíðarinnar. Sótti það strax á hana? „Já, ég er uppalin á Þingeyri við Dýrafjörð og þar eru lágir, grasi grónir hólar í miðju plássinu. Þegar við krakkarnir vorum sendir í búðina lá leið okkar yfir þá og við vissum að þeir væru leifar búðatófta frá því fyrsta fólkið kom á Þingeyri og háði Dýrafjarðarþing. Mér fannst það strax gríðarlega merkilegt svo áhugi minn á landnámskynslóðinni kviknaði snemma og fyrstu tvær sögurnar mínar gerðust á landnámsöld. Þrjár bækur eru frá kaþólska tímanum en síðan fór ég allt aftur til æsku Auðar djúpúðgu á Bretlandseyjum til að komast að því hvernig fólki datt í hug að koma hingað til lands í upphafi. Svarið er að Íslendingar eru að stofni til flóttamenn sem, eins og allt fólk, þrá að ala börn sín upp í friði.“

gun@frettabladid.is



Ástkær faðir okkar, afi og langafi,
**Kristján Jónsson**
matreiðslumeistari,
sem lést þriðjudaginn 27. mars, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju 9. apríl klukkan 13.00.

**Hildur Kristjánsdóttir**
**Sigurjón Kristjánsson**
**Kári Árnason**
**Flóki Árnason**
**Logi Sigurjónsson**
**Ómar Sigurjónsson**
**Andri Sigurjónsson**
**tengdabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Svava Bergljót Lúðvíksdóttir**
Skálateigi 5, Akureyri,
lést föstudaginn 23. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**

**Gunnlaugur Þór Traustason**



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,
**Signý Kristjánsdóttir**
frá Bergstöðum,
Suðurhólum 30,
andaðist sunnudaginn 18. mars á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Brynja Sverrisdóttir Ólafur Garðarsson**
**Arnar Elvar, Birgir Sævar og fjölskyldur.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
**Friðrik Sigurlíni Friðriksson**
húsgagnasmíðameistari,
frá Látrum í Aðalvík,
Lindasmára 95, Kópavogi,
lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 25. mars síðastliðinn. Útförin fer fram frá Garðakirkju á Álftanesi föstudaginn 6. apríl klukkan 11.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Ás styrktarfélag.

**Anna Þorbjörg Jónsdóttir**
**Ingveldur Kristín Friðriksdóttir**
**Friðrik Ari Friðriksson**
**Sigurjón Hermann Friðriksson Dóra Elísabet Sigurjónsdóttir**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,
**Sigurbjörg Símonardóttir**
Miðvangi 16, Hafnarfirði,
lést á Landspítalanum þann 29. mars síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði þann 12. apríl kl. 15.00.

**Sigurður Óskarsson**
**Unnur Sigurðardóttir**
**Óskar Sigurðsson Rakel Pálsdóttir**
**María S. Sigurðardóttir Collaud Olivier Collaud**
**og barnabörn.**



Elsku eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
**Gylfi Baldvinsson**
skipstjóri,
Melasíðu 8, Akureyri,
lést 28. mars á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Útförin fer fram frá Glerárkirkju þriðjudaginn 10. apríl kl. 10.30.

**Hildur Marinósdóttir**
**Valgerður Gylfadóttir**
**Jóhann Baldvin Gylfason Birna Eiðsdóttir**
**Ingibjörg María Gylfadóttir Hólmgrímur Jóhannsson**
**Þóra Soffía Gylfadóttir Einar E. Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Helgi Ólafur Björnsson**
frá Læk,
Skagaströnd,
lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli mánudaginn 2. apríl. Jarðarför auglýst síðar.

**Björn Helgason Ásta Harðardóttir**
**Sigrún Helgadóttir Alfred G. Matthíasson**
**Anna Helgadóttir Gunnar Kristófersson**
**Jóhann Helgason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elsku maðurinn minn, pabbi okkar, sonur, bróðir, tengdasonur, mágur og barnabarn,
**Ágúst Ágeirsson**
Kirkjubæjarbraut 9,
Vestmannaeyjum,
verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 6. apríl 2018 kl. 15.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarreikning fyrir konu hans og börn, banki: 140-26-16037– kt. 160379-3599.

**Katrín Sólveig Sigmarsdóttir**
**Eydís Líf Sigurður Elí**
**Tristan Flóki Viktor Kári**
**Hafdís María Darri Hrafn**
**María Bjarnadóttir Gunnar Marteinsson**
**Ásgeir Þór Árnason Karlotta Finnsdóttir**
**Hafdís Hlöðversdóttir Sigmar Teitsson**
**Ásgeir Bjarni Ásgeirsson**
**Hanna Bryndís Heimisdóttir**
**Helga Rún Heimisdóttir Árni Brynjar Dagsson**
**Elísabet Ósk Ásgeirsdóttir Hrafn Viðarsson**
**Guðný Sæbjörg Ásgeirsdóttir Ómar Sigurðsson**
**Ásdís Ásgeirsdóttir**
**Afi Bjarni**
**Amma Dísa**
**og aðrir aðstandendur.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Kristbjörg Þórhallsdóttir**
leiðsögumaður,
andaðist 28. mars sl. á deild A6 Landspítalans í Fossvogi. Útförin fer fram frá Seljakirkju miðvikudaginn 11. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Brjóstaheill, samhjálp kvenna.

**Maríus Óskarsson Katrín Hildur Jónasdóttir**
**Ragnar Óskarsson**
**Þórhallur Óskarsson Lilja Björgvinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær faðir okkar, afi, bróðir og mágur,
**Þórarinn Sigurðsson**
Ferjuvogi 17, Reykjavík,
lést á Landspítalanum þann 30. mars 2018. Bálför fer fram frá Hjallakirkju mánudaginn 9. apríl kl. 13.00.

**Ingólfur Freyr Þórarinsson**
**Hannes Berg Þórarinsson**
**Þóra Berglind Hannesdóttir**
**Jón Ólafur Sigurðsson Ragnheiður Þórðardóttir**
**Guðný Sjöfn Sigurðardóttir**
**og fjölskyldur.**



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Óskar Hallgrímsson**
rafvirki,
lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni föstudaginn 30. mars. Útförin fer fram frá Háteigskirkju 11. apríl kl. 13.00.

**Jóhann Gunnar Óskarsson Sigríður Ásmundsdóttir**
**Kristín Ósk Óskarsdóttir Sævar Fr. Sveinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Frestur til**
**að senda tilnefningar er til miðnættis 6. apríl**

## Hefur þú orðið vitni að GÓÐVERKI?

### Óskað er eftir tilnefningum til samfélagsverðlauna Fréttablaðsins 2018

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag.

Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

## Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins eru veitt í fimm flokkum.

**1 Hvunndagshetjan**

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

**2 Frá kynslóð til kynslóðar**

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

**3 Til atlögu gegn fordómum.**

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

**4 Heiðursverðlaun**

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

**5 Samfélagsverðlaunin**

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll. Verðlaunafé 1,2 milljónir.

Sendið tilnefningar um Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt:
**Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.**

Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar.
Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt 11. apríl.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Norðanátt, allhvöss við austurströndina og á Suðausturlandi fram eftir degi, en fer síðan að lægja. Mun hægari vindur annars staðar. Skýjað og él norðaustan- og austanlands, annars víða léttskýjað. Frost 0 til 7 stig, en hiti 0 til 5 stig á sunnanverðu landinu að deginum.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° | -1° | -2° |
| ↖ 4 | ↗ 11 | ↑ 4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -3° | 0° | -4° |
| → 1 | ← 2 | ↗ 2 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° | -3° | -3° |
| ↙ 6 | ← 1 | ↓ 2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -3° | 2° | -5° |
| ↘ 3 | ↖ 3 | ↓ 5 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 2 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 2 | 9 | | 3 | | 7 | | 4 | |
| | | | 5 | | | 6 | | |
| | 1 | | | 8 | | 3 | 2 | |
| 5 | 8 | | 6 | | | 4 | | |
| | | 7 | 1 | 9 | | 8 | 5 | |
| | | 1 | | | | | | |
| | | | | | 3 | | 1 | |
| 4 | 5 | 2 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | 1 | | | 2 | | |
| 3 | | | 2 | | 4 | 9 | 8 | |
| | | | 3 | | | 4 | 6 | 5 |
| | | 1 | | 9 | 8 | | | |
| | | | 5 | | 1 | | | 9 |
| 4 | | | 6 | | 7 | 3 | | |
| | | | | 5 | 2 | | | |
| | 2 | | | | | 5 | 7 | |
| | | 7 | | | | | 2 | 3 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 1 | | 3 | | 6 | |
| | 2 | | 6 | | | 7 | | |
| 1 | 5 | | 4 | | 7 | | 8 | 2 |
| 6 | | 5 | | | | | | |
| | 3 | 8 | | | 6 | | | |
| | 7 | | | 1 | 4 | 6 | | |
| 5 | | 1 | | | | | 4 | |
| | | | | | 9 | | | 3 |
| 8 | | | | 4 | | 9 | 2 | |

## Skák Gunnar Björnsson

Kolvig átti leik gegn Brunn í Danmörku árið 1933.
**Svartur á leik**
**1. ... Dxb1+! 2. Rxb1 Hd1+ 3. Bf1** (3. Kg2 Bxh3+ 4. Kxh3 Hxe5). **3. ... Hxf1+! 4. Kxf1 Bxc4+ 5. Ke1 Hxe5 0-1.** Þriðja umferð Öðlingamóts TR fór fram í gærkveldi.

**www.skak.is:** GRENKE-mótið.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 7 | 8 | 3 | 5 | 2 | 4 | 6 |
| 2 | 4 | 5 | 9 | 6 | 7 | 1 | 3 | 8 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 5 | 4 | 8 | 9 | 2 |
| 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 |
| 9 | 2 | 6 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 5 |
| 5 | 1 | 9 | 4 | 2 | 6 | 7 | 8 | 3 |
| 6 | 3 | 2 | 7 | 9 | 8 | 5 | 1 | 4 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 1 | 3 | 6 | 2 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | 5 | 8 | 4 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 8 | 9 | 3 | 5 | 7 | 2 | 1 | 4 |
| 3 | 7 | 4 | 1 | 2 | 9 | 5 | 6 | 8 |
| 7 | 2 | 1 | 6 | 8 | 3 | 4 | 5 | 9 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 7 | 4 | 1 | 2 | 3 |
| 9 | 4 | 3 | 5 | 1 | 2 | 7 | 8 | 6 |
| 4 | 3 | 2 | 7 | 6 | 5 | 8 | 9 | 1 |
| 8 | 9 | 7 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 | 5 |
| 1 | 5 | 6 | 4 | 9 | 8 | 3 | 7 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 4 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 |
| 5 | 8 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 | 3 | 1 |
| 6 | 1 | 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 5 | 7 |
| 4 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 | 7 | 6 | 9 |
| 9 | 2 | 7 | 5 | 6 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 9 | 7 | 2 | 4 | 5 |
| 7 | 3 | 6 | 8 | 2 | 5 | 1 | 9 | 4 |
| 1 | 9 | 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 2 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. henda
5. þróttur
6. átt
8. agnarögn
10. á fæti
11. starfsgrein
12. hluta
13. högg
15. gerð
17. þráður

**LÓÐRÉTT**
1. slengjast
2. útmá
3. yfirhöfn
4. eimur
7. ilmandi
9. rangsnúinn
12. kviður
14. móðurlíf
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. kasta, 5. afl, 6. na, 8. smáögn, 10. tá, 11. fag, 12. muna, 13. slag, 15. tegund, 17. girni. **LÓÐRÉTT:** 1. kastast, 2. afmá, 3. slá, 4. angan, 7. angandi, 9. öfugur, 12. magi, 14. leg, 16. nn.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**Varmadælur & loftkæling**

Kælitækni



- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir

Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

Midea It's your Idea

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni
FRÉTTABLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ APP FRÉTTABLAÐIÐ.IS

# Fréttamenn sem standa undir nafni

Fréttablaðið var stofnað árið 2001 og hefur verið mest lesna dagblað landsins frá upphafi. Þar starfa hátt í 100 hæfileikaríkir einstaklingar sem allir leggja hönd á plóg við að gera Fréttablaðið að einum stærsta fjölmiðli landsins. Á meðal þeirra er Kjartan Hreinn Njálsson, aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins.

Kjartan Hreinn Njálsson
*fréttamaður*




Fréttir og ítarleg umfjöllun á frettabladid.is

FRETTABLADID.IS
FRÉTTABLAÐIÐ APP
FRÉTTABLAÐIÐ



# BÍLAR



## Framleiðslustopp á Accord vegna dræmrar sölu

Þrátt fyrir að ný kynslóð Honda Accord hafi fengið góða dóma er sala í þessum flokki fólksbíla dræm.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að heimsbyggðin kallar mjög á jepplinga og jeppa þessa dagana og góð sala á slíkum bílum hefur komið mjög niður á sölu á fólksbílum, sérlega af stærri gerðinni. Einn þeirra er Honda Accord, bíll sem nýverið kom fram af nýrri kynslóð og hefur verið mærður fyrir mikil gæði. Það dugar þó ekki til ef enginn vill hann.

Nú er svo komið að birgðir af Honda Accord bílum eru komnar í 107 daga í Bandaríkjunum, en meðalbirgðir bíla þar vestra eru gjarnan um 70 dagar. Það hefur orðið til þess að ákveðið hefur verið að stöðva framleiðslu hans í 11 daga í verksmiðju Honda í Marysville í Ohio-ríki. Ekki er þó hægt að segja að Honda Accord seljist beint illa því hann seldist í 322.655 eintökum í fyrra í Bandaríkjunum, en salan minnkaði þó úr 345.225 bílum árið áður. Salan hefur þó minnkað enn hraðar á þessum fyrstu mánuðum ársins í ár. Sem dæmi þá seldist Accord í 37.420 eintökum í febrúar, en salan í febrúar í fyrra var 42.991 bíll.

Annar fólksbíll í svipuðum stærðarflokki er Toyota Avensis, en Toyota tók fyrir skömmu ákvörðun um að hætta framleiðslu og sölu hans í Evrópu vegna síminnkandi sölu hans þar.

# Nýr Nissan Leaf valinn grænasti bíll heims

Leaf, mest seldi rafbíll heims, er tákngervingur Nissan í grænni samgöngustefnu sem hefur það að markmiði að draga sem mest úr neikvæðum umhverfisáhrifum bíla.



Nýr Nissan Leaf var í upphafi páskahelgarinnar kjörinn „grænasti bíll heims“ á alþjóðlegu bílasýningunni í New York. Verðlaun World Car Awards eru ein þau eftirsóttustu sem veitt eru í bílgreininni á heimsvísu, en Leaf er jafnframt fyrsti bíllinn sem hlotið hefur verðlaunin í þessum flokki.

Leaf, sem er mest seldi 100% rafbíllinn á markaðnum, er tákngervingur Nissan í grænni samgöngustefnu fyrirtækisins sem hefur að markmiði að draga sem mest úr neikvæðum umhverfisáhrifum bifreiða. Leaf kom fyrst á markað árið 2010 og var hann ári síðar kjörinn Heimsbíll ársins. Hann var jafnframt fyrsti rafbíllinn til að hljóta aðalverðlaun World Green Awards frá upphafi verðlaunanna.

Leaf hefur selst í yfir 300 þúsund eintökum um allan heim frá því að hann kom á markað og hefur bílunum samtals verið ekið yfir þrjá milljarða kílómetra.

### Meira drægi og mikil snerpa

Auk verulegra útlitsbreytinga hefur Nissan Leaf stækkað frá fyrri kynslóð og er hann nú bæði lengri og breiðari en áður. Bíllinn hefur einnig fengið öflugri rafmótor og rafhlöðu. Þannig er nýr Leaf nú 150 hestöfl, sem er 41 hestafls aukning frá fyrri kynslóð. Það skilar honum 3,6 sekúndna meiri snerpu en forverinn hafði og er nýi bíllinn nú aðeins 7,9 sekúndur úr kyrrstöðu í 100 km/klst. Einnig hefur drægi rafhlöðunnar aukist um 128 km; fer úr 250 km í 378 km við bestu mögulegu aðstæður samkvæmt NEDC.

### e-Pedal og ProPilot

Hin nýja gerð Leaf er búin sérstökum e-Pedal orkupedala sem endurnýtir alla þá orku sem leysist úr læðingi þegar hemlað er. Þegar ökumaður lyftir fæti af orkupedalanum hægir bíllinn á sér og stöðvast án þess að ökumaður þurfi að nota bremsupedalann. Í þessum búnaði er einnig brekkuaðstoð sem sér til þess að bíllinn renni ekki afturábak þegar stansað er í brekku. Sérfræðingar Nissan segja að í 90% tilfella nægi að nota e-Pedal til að stöðva bílinn.

Á meðal nýjunga á tækni- og öryggissviði má nefna sjálfvirknikerfið ProPilot sem aðstoðar ökumanninn við aksturinn. Leaf Tekna er búinn ProPilot öryggisbúnaði þar sem meðal annars er að finna vegmyndavél, framradar, neyðarhemlun og akreinavara með inngripi. Í Pro-Pilot-búnaðinum er einnig að finna tæknina „leggja í stæði“.

Grunnútgáfa Leaf Visia, kostar kr. 3.690.000 og best búna útgáfan, Leaf Tekna, kr. 4.490.000. BL kynnir formlega nýjustu kynslóð Nissan Leaf laugardaginn 7. apríl.

# Þessir 10 komast 300.000 kílómetra

Toyota- og Honda-bílar svo til fylla listann yfir þá 10 bíla sem aka má lengst með litlu viðhaldi.

Þegar keyptur er bíll vonast eigendur gjarnan til þess að hann eigi langt líf fyrir höndum, bili lítið og komist sem flesta ekna kílómetra á sínum líftíma. Því er ef til vill gáfulegt að skoða hvaða bílar það eru helst sem uppfylla þessi skilyrði. Consumer Reports í Bandaríkjunum heldur utan um ógrynni upplýsinga um bíla í því landi og hefur birt lista yfir þá 10 bíla sem búast má við að komist flesta ekna kílómetra á líftíma sínum og ættu hæglega að komast 300.000 kílómetra. Þessir 10 bílar eru eftirfarandi og sá sem skoraði hæst er Toyota Camry:

1. Toyota Camry
2. Honda Accord
3. Toyota Prius
4. Honda CR-V
5. Toyota Sienna
6. Honda Civic
7. Toyota Corolla
8. Toyota 4Runner
9. Toyota Highlander
10. Ford F-150



Toyota Camry toppar alla aðra bíla vestanhafs er kemur að líftíma án viðhalds.

Ekki kemur það á óvart að japanskir bílar skori vel en að 6 Toyota-bílar og 3 Honda-bílar svo til fylli listann vekur hins vegar nokkra athygli og sýnir hversu mikla gæðabíla þessir tveir framleiðendur smíða. Rétt er þó að horfa til þess að þessi listi er frá Bandaríkjunum og þar í landi er öðruvísi samsetning bíla en t.d. í Evrópu og Toyota- og Honda-merkin eru mjög sterk þar. Einn bandarískur bíll nær á þennan lista, en það er Ford F-150, sem er langsöluhæsta einstaka bílgerð í Bandaríkjunum og seldist í um 800.000 eintökum á síðasta ári. Samkvæmt upplýsingum frá Consumer Reports eru fleiri bílar en ofantaldir sem búast má við að komist 300.000 kílómetra, en á leið þangað hafa þeir þurft á svo miklu viðhaldi og viðgerðum að halda að þeir ná ekki á þennan eftirsótta lista.

Slakaðu á með Slökun

Einkenni magnesíumskorts
Lítil orka
Þróttleysi
Veik bein
Hormóna ójafnvægi
Svefntruflanir
Vöðvakrampar, kippir og spenna
Kölkun líffæra
Óreglulegur hjartsláttur
Kvíði
Streita
Pirringur




Mamma Veit Best
HREIN HEILSA
www.mammaveitbest.is

Blekhylki.is




Ódýr blekhylki og tónerar!

Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

Frjáls framlög — enginn kostnaður!

SAMFERÐA
GÓÐGERÐARSAMTÖK

# VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

907 1081 – 1.000 kr.
907 1083 – 3.000 kr.
907 1085 – 5.000 kr.
907 1090 – 10.000 kr.



Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

www.facebook.com/samferdafoundation



„Ég hef ekkert sérstaklega verið að hugsa um hvort það sem ég sendi frá mér sé stórkostlegt eða ekki,“ segir Þórarinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Aðalatriðið að halda áfram að pjakka

**Ljóð og sögur Þórarins Eldjárns koma út í litlum bókum sem áætlað er að verði alls 128. Tvær nýjar ljóðabækur á leiðinni og þýðing á Hamlet fyrir Þjóðleikhúsið. 45 ára höfundarafmæli fagnað á næsta ári.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Lespúsl er ný ritröð úr smiðju Þórarins Eldjárns, en þar eru ljóð og sögur úr höfundarverki hans sett saman í litlar bækur. Fyrstu bækurnar heita Eins og vax, Landnámur, Sonnettur og Ævintýri.

Þórarinn er spurður um hugmyndina að baki útgáfunni og segir: „Í fyrra þurfti ég að lesa í gegnum allar ljóðabækur mínar og rakst þá á mörg ljóð sem ég mundi ekkert eftir og svo önnur sem voru miklu skárri en mig minnti. Í kjölfarið fór ég að birta á hverjum miðvikudegi eitt ljóða minna á Fésbók, kallaði það ljóðviðrun. Því framtaki var mjög vel tekið. Unnur kona mín og Halldór sonur okkar fengu síðan þá hugmynd að gefa út lítil kver þar sem ljóð og smásögur mínar væru stokkuð upp og sett í nýtt samhengi. Nú eru fyrstu bækurnar komnar út. Sögum sem fjalla um svipað efni er stillt saman og ljóð valin annað hvort út frá bragarhætti eða efnistökum. Ein bókin geymir sonnettur en þar sópaði ég saman öllum sonnettum úr bókum mínum, líka barnabókunum. Þær reynast vera hátt í 40 og úr því verður prýðis ljóðabók.“

## Styrkleiki hinnar prentuðu bókar

Bækurnar fjórar eru áberandi fallega hannaðar. „Eitt þurfti að vera alveg á hreinu og það var að láta þetta líta vel út,“ segir Þórarinn. „Þess vegna fengum við Sigurð Oddsson hönnuð til að hanna bækurnar. Með þessu fallega útliti er í raun og veru verið að undirstrika styrkleika hinnar prentuðu bókar. Þetta eru prentgripir sem eru áþreifanlegir og það er lykt af þeim, sem er nokkuð sem rafbækur og hljóðbækur geta aldrei haft.“

Bækurnar fjórar eru merktar bókstöfum A1 til A4. Áætlað er að enda á bókstafnum Ö í sérlegu stafrófi sem Sigurður hefur hannað og Þórarinn segir að ef allt fari samkvæmt áætlun verði bækurnar á endanum 128. Bókaforlagið Gullbringa gefur bækurnar út en það er í eigu fjölskyldunnar. Bækurnar fást í helstu bókabúðum og í vefsölu á gullbringa.is. „Þetta er eins konar heimilisiðnaður,“ segir Þórarinn. Hann segir að einnig verði hugað að því að þýða bækurnar á hin ýmsu tungumál.

## Ekki aftur snúið

Þórarinn mun fagna 45 ára höfundarafmæli á næsta ári. Bar það vott um bjartsýni að ætla að lifa af ritstörfum fyrir 45 árum eða var það raunverulegur möguleiki? „Í raun og veru held ég að það hafi ekki verið möguleiki. Ef ég hefði hugsað dæmið praktískt allt til enda, þá hefði ég sagt strax: Það er ekkert vit í þessu. Ég hugsaði bara ekki þannig. Ég gerði þetta og það hefur gengið vel. Maður verður ekki auðugur af skriftum en ekki hangir maður samt á horriminni.“

Hann segist vinna af meira öryggi nú en í upphafi ferils síns. „Núna veit ég hvernig á að gera hlutina. Kannski er það ekki gott. Kannski er bara betra að renna blint í sjóinn með allt. Allavega er það þannig að úr þessu verður ekki aftur snúið.“

## Ljóðabækur og Hamlet

Í haust koma út tvær ljóðabækur eftir hann, önnur ætluð börnum, myndskreytt af Sigrúnu systur hans, og hin fyrir fullorðna. „Ætli það sé ekki hægt að segja að saman séu þær fyrir aldurshópinn 5-95 ára,“ segir skáldið. Annað verkefni er þýðing á Hamlet fyrir Þjóðleikhúsið. „Það er afskaplega hressileg og skemmtileg glíma. Hamlet hefur tvisvar áður verið þýddur á íslensku en það er þannig með svona þýðingar að það þurfa alltaf að koma nýjar því orðaforði og málsnið breytist. Eitthvað sem var áður gert verður of hátíðlegt og málið óþjált. Ef maður skoðar leikritaþýðingar fyrir fjörutíu til fimmtíu árum þá er fólk að segja þar hluti sem enginn segir lengur, eins og til dæmis sei, sei.“

## Búið og gert

Þórarinn er að lokum spurður hvort hann sé ánægður með höfundarverk sitt. „Ég hef löngum litið á það þannig að það sem er gert er búið og gert. Ég er ekki einn af þeim höfundum sem er alltaf að krukka í gamlan texta. Ef eitthvað er endurútgefið eftir mig þá breyti ég helst ekki textanum, síst af öllu ljóðum. Sumir höfundar gera þetta en ég hef aldrei kunnað við það. Ég hef ekkert sérstaklega verið að hugsa um hvort það sem ég sendi frá mér sé stórkostlegt eða ekki. Aðalatriðið er að halda alltaf áfram að pjakka. Í heildina er ég ánægður.“

## Fugl þar sem var lauf

**Hér var eitt sinn lauf við lauf á tré
sem lét þann hadd sinn oft og vel í té,
snart ilm og sjón ... öll vit, og veitt gat skjól,
eins vörn gegn sjón og heyrn en æ, það kól.**

**Lauf féll við það uns ber stóð grein við grein,
sem grátt dautt net, allt tætt, sem dökk mjó bein
er bar við loft, grönn hönd úr nótt sem níst
er nál og fest á spjald og gegn svo lýst.**

**Þá fauk í skjól, var skellt á þef og lit,
það skóf í göt og þar með í öll vit.
Í svip þar dó mörg vel kunn sögn ei sögð.
Á söng og tal var klippt og dauð hönd lögð.**

**En þar sem lauf hékk sest nú fugl við fugl.
Er fyllt í skarð? Nei, æpt og skríkt tómt rugl.**



# Fyrsta einkasýningin á 60 ára myndlistarferli



Ein myndanna á sýningunni í Hannesarholti.

Hilmar Hafstein Svavarsson opnar sína fyrstu einkasýningu á myndverkum í veitingastofum Hannesarholts í dag, 5. apríl, klukkan 16. Hann er á áttræðisaldri en kveðst hafa fengist við myndlist frá barnsaldri. „Ekki kannski stöðugt en alltaf af og til.“ Elstu myndina á sýningunni segist hann hafa málað tólf ára gamall og önnur hafi verið í vinnslu í fimmtíu ár!

„Það er dálítið stórt skref að halda sýningu og það stóð ekki til af minni hálfu,“ segir Hilmar. „En bæði langaði mig að skoða húsið Hannesarholt og líka vatnslitasýningu sem þar var þá, samt munaði engu að ég hætti við, mér gekk svo illa að finna bílastæði, svo gekk það upp og mér finnst að ég hafi verið leiddur á fund forstöðukonunnar í Hannesarholti, Ragnheiðar Jónsdóttur. Ég álpaðist til að segja henni að ég væri að dunda við að mála og þegar hún áttaði sig á að ég væri af Hafsteinsætt, eins og Hannes sem átti húsið, þá sagði hún: „Þú bara sýnir hjá mér, það er ekkert sem heitir.“ Ég var á báðum áttum en sló svo til, líka vegna þess að konan mín studdi mig í því. Hún er eflaust orðin leið á að hafa myndirnar inni í herbergi og geymslu!“

**ÞAÐ ER DÁLÍTIÐ STÓRT SKREF AÐ HALDA SÝNINGU OG ÞAÐ STÓÐ EKKI TIL AF MINNI HÁLFU.**

Hilmar kveðst hafa gefið sér góðan tíma í að undirbúa sýninguna. „Sumar myndir þurfti ég að lagfæra og aðrar að ramma inn. En svo mætti ég í Hannesarholt með 32 myndir síðasta mánudagsmorgun og eftir það varð ekki aftur snúið.“

Myndlistina hefur Hilmar stundað meðfram loftskeytastörfum á sjó og verslunarrekstri í landi og kveðst nota alls konar liti. „Ég var lengst af með olíuliti, svo fór ég á mörg námskeið í vatnslitun, var heppinn með kennara og er orðinn einna hrifnastur af vatnslitunum. Einnig er ég aðeins með akrýlliti og hef dundað við margs konar myndlist, lærði meira að segja húðflúr.“ **– gun**



**Nú verður ekki aftur snúið segir Hilmar um sýninguna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Lítið eitt um Hilmar Hafstein

**Hilmar er fæddur í Reykjavík 1940. Hann var snemma kominn með blýanta í hendur, krassandi og párandi á pappírsafklippur úr prentsmiðjum og síðan hefur myndgerð alla tíð verið ríkur þáttur í lífi hans. Hann stefndi á skólagöngu í Danmörku sem ekkert varð af. Þess í stað gekk hann í einkatíma hjá ýmsum góðum listamönnum og má þar nefna Guðmundu Andrésdóttur, Sigfús Halldórsson, Hring Jóhannesson og Sverri Haraldsson. Einnig hefur hann sótt námskeið af ýmsum toga, til dæmis í grafík og skrautritun og frá breskum bréfaskóla fékk hann sendar bækur og myndbönd um list.**

**Sýning Hilmars í Hannesarholti stendur til 2. maí.**





Sara Björnsdóttir, Þóroddur Bjarnason og David Cotterrell (sitjandi) eru á meðal listamannanna sem sýna í Peckham í London næstu tvær helgar en það er fyrsta sýningin af þremur sem Sara stendur fyrir.

# Kom á óvart að fá nei en lét það ekki stoppa sig

**Sara Björnsdóttir myndlistarkona opnar sýningu í London á morgun, þá fyrstu af þremur, þar sem vinir hennar, sem eru íslenskir og erlendir listamenn, fá tækifæri til þess að sýna verk sín í stórborginni.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Þetta eru orðin þrjú ár sem ég er búin að búa hérna að þessu sinni en þessi ár hafa liðið alveg óskaplega hratt,“ segir Sara Björnsdóttir, myndlistarkona úr Reykjavík, sem á morgun, föstudag, opnar fyrstu sýningu af þremur alþjóðlegum samsýningum listamanna sem tengjast henni með einum eða öðrum hætti. Sýningarnar verða allar í Peckham í Suður-London og alls taka þátt 27 listamenn frá sjö löndum en þátttakendur í fyrstu sýningunni eru þau Þóroddur Bjarnason, Darri Lorenzen, Snorri Ásmundsson, Sara Björnsdóttir, Sæmundur Þór Helgason, Libia Castro og Ólafur Ólafsson, Kevin Atherton, David Cotterrell, Hatty Lee og Frederique Pisuisse.

Sara segir að hún hafi reyndar ætlað sér að dvelja í níu mánuði í borginni en að hún sé reyndar tengd henni eftir að hafa dvalið þar fyrir 20 árum. „Ég tók mastersgráðuna mína hér árið 1997 frá Chelsea College of Art & Design og þá eignaðist ég mikið af vinum og tengdist borginni það sterkum böndum að mig langaði alltaf til þess að koma aftur. Svo fékk ég tækifæri til þess fyrir þremur árum og lét það ekki fram hjá mér fara.

Maður fer ekkert í svona stórborg án þess að ætla sér að gera eitthvað æðislegt og þegar ég áttaði mig á því hversu erfitt er fyrir listamenn að koma sér á framfæri í London þá ákvað ég bara að gera þetta sjálf. Það var fyrsta maí í fyrra sem ég tók þessa ákvörðun að setja upp sýningu hérna í London og taka með mér vini mína frá Íslandi til þess að þau fái einhvern sýnileika hérna í stórborginni. Í framhaldinu ákvað ég svo að taka inn breska listamenn en áttaði mig fljótlega á því að ég á vini um víða veröld sem eru listamenn og þá var þetta allt í einu orðið alþjóðlegt verkefni. En hvers vegna ekki? Ég bauð bara öllum þessum góðu listamönnum að taka þátt með þremur sýningum í heildina og fór í það sjálf að halda utan um þetta. Síðan þá hefur þetta verið gríðarleg vinna síðasta árið sem byrjaði með því að ég sendi þessu fólki bréf og bauð því að vera með og það sögðu allir já.”

## Ég geri þetta samt

Sara segir að við þetta hafi vinnan hafist fyrir alvöru. „Ég fór á fullt að skipuleggja þetta allt saman, útbúa fjárhagsáætlun og sækja um styrki en fékk ekki einn einasta. Var samt áfram harðákveðin í að láta af þessu verða og borgaði bara úr eigin vasa það sem þurfti að borga eins og leigu fyrir rýmið og kaupa alls konar tæki og dót því það er margt sem þarf til þess að setja upp sýningu. Að auki þá leigði ég hús fyrir íslensku listamennina svo þau gætu verið öll saman og í dag (miðvikudag)

**ÉG VEIT EKKI AF HVERJU ÞETTA FÓR SVONA ÞVÍ AÐ Á SAMA TÍMA SÉR MAÐUR SÖFNIN SEM ERU Á FRAMLAGI FRÁ RÍKI OG BORG VERA AÐ FÁ EINHVERJAR MILLJÓNIR ÚR ÞESSUM SJÓÐUM. AF HVERJU BÍTAST ÞAU UM SÖMU PENINGA OG LISTAMENNIRNIR SEM EINSTAKLINGAR?**

streyma þau til borgarinnar og ég er búin að vera á fullu að sækja þau á lestarstöðina og fara með þau upp í hús og henda töskunum inn.

Núna erum við hérna í sýningarrýminu og byrjuð að hitta hina listamennina og allir eru svo forvitnir og allt svo lifandi og skemmtilegt. Þetta er bara alveg æðislegt,“ segir Sara og gleðin yfir því að vera búin að koma öllu þessu listafólki saman leynir sér ekki. „Að hafa bara gert þetta og ekki gefist upp heldur bara sett undir mig hausinn og sagt fjandinn hafi það ég geri þetta samt.“

## I love Iceland

Aðspurð hvort íslenskir listamenn sem búa erlendis falli utan styrkjakerfisins segir Sara að hún geti því miður tekið undir það. „Já, og ég verð að játa að þetta kom mér á óvart. Þegar upp er staðið verða sextán íslenskir listamenn búnir að taka þátt í þremur sýningum og ég er að gera mjög mikið til þess að kynna sýninguna og fá fólk til þess að koma. Það gengur vel af því að ég hef sambönd hérna sem er allt öðruvísi en ef ég væri bara að koma frá Íslandi í dag. Fólkið sem ég þekki hérna hjálpar mér líka og ég veit að við munum fá athygli. Það kom mér því á óvart að bæði Myndstef og Myndlistarsjóður skyldu segja nei, hvorki undirbúnings- né verkefnastyrkur, ekkert.

Sara bendir á að þetta snúist ekki um hana persónulega heldur sé þörf á að horfa út á við. „Styrkirnir fara meira og minna til Íslands sem er gott en það þarf meira til vegna þess að við þurfum að komast frá Íslandi því það er of einangrað og markaðurinn of lítill. Það þarf að hugsa þetta eitthvað öðruvísi. Ég veit ekki af hverju þetta fór svona því að á sama tíma sér maður söfnin sem eru á framlagi frá ríki og borg vera að fá einhverjar milljónir úr þessum sjóðum. Af hverju eru þau að bítast um sömu peninga og listamennirnir sem einstaklingar? Listamenn sem eru að setja einhverja grasrót í gang.“

Sara segir að hún geti vel hugsað sér það í framtíðinni að vera áfram í London og flytja inn íslenska listamenn. „Einmitt núna er gríðarlegur áhugi hjá Bretum og það er mikilvægt að nýta sér það. Ég var t.d. í partíi síðasta föstudag og hitti þar bassaleikarann í PJ Harvey og hann sagði bara I love Iceland og hann og konan hans geta ekki beðið eftir að koma á sýninguna um helgina. Það eru tækifæri í þessu.“

## Þematengdar sýningar

Á fyrstu sýningunni sem verður opnuð á morgun sýna 11 af þeim 27 listamönnum sem taka þátt í verkefninu og Sara segir að hún hafi raðað saman listamönnum sem henni finnst vera að vinna á svipaðan hátt. „Á þessari fyrstu sýningu verður mikið um vídeó, hljóð og gjörninga. Á næstu sýningu verða mikið til málarar og fólk sem vinnur í tvívíðan miðil og á þeirri þriðju svo listamenn sem vinna með hluti og skúlptúra. Þannig að ég er að hugsa þetta út frá verkum og verkefnið í heildina kallast The Art Society og hugmyndin með því er að styrkja þetta í heildina og auk þess er þetta eins konar stefnumót listamanna. Vonandi á það eftir að skila þessum listamönnum einhverju.“

Sýningin er í gömlu íbúðarhúsnæði í Peckham sem Sara segir að sé í mikilli niðurníðslu en um leið henti það myndlistinni ákaflega vel. „Við þurfum reyndar að vinna heilmikið í húsnæðinu og ég var svona rétt að ljúka við að sópa gólfin en ég er alveg vön því að vinna að sýningum sem listamenn standa fyrir sjálfir. Það verða tvær sýningarhelgar og listamenn koma til með að spjalla um verk sín þannig að það verður hellingur í gangi. Ég er með heimasíðu sem kallast To make art happen og þar geta áhugasamir kynnt sér listamennina nánar og hvað er að gerast og hvenær. Ég er farin að hlakka mikið til að opna og vona að Íslendingar í London láti líka sjá sig.“

# GLAMOUR

# ÁSKRIFTARTILBOÐ

5 tölublöð af Glamour, send heim að dyrum + EGF Serum frá Bioeffect

## AÐEINS 9.990 kr.

Heildarverðmæti pakkans er 19.900 kr.







EGF serum húðdroparnir frá Bioeffect eru margverðlaunuð vara sem hefur farið sigurför um heiminn. Öflugt og hreint serum sem eykur kollagen- og elastínmyndun húðarinnar, auk þess að draga úr hrukkum, gefur henni meiri raka og eykur þykkt hennar.

* Aðeins takmarkað magn í boði
– fyrstir koma, fyrstir fá!

## Þrjár auðveldar leiðir til að skrá sig í áskrift

1. Farðu inn á Glamour.is og skráðu þig í áskrift
